

Fullgild rafræn undirskrift

SIGRÍÐUR VALA HALLDÓRSDÓTTIR

Kennitala: 240483 5219
2025-03-27 14:24:32 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

EINAR SIGURÐSSON

Kennitala: 230877 5999
2025-03-27 14:55:42 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

STEINUNN HULDA MARTEINSDÓTTIR

Kennitala: 310166 5379
2025-03-27 14:58:39 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SIGURJÓN ÖRN ARNARSON

Kennitala: 061078 4369
2025-03-27 15:10:42 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

MATTHÍAS ÞÓR ÓSKARSSON

Kennitala: 070575 5079
2025-03-27 15:15:03 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

STEFÁN BALDVIN FRÍÐRIKSSON

Kennitala: 311063 5079
2025-03-27 15:26:04 GMT
Ástæða: Undirskrift

Ísfélag hf.

Ársreikningur 2024



ÍSFÉLAG

Ísfélag hf. | Tangagötu 1 | 900 Vestmannaeyjar | kt. 660169-1219

Efnisyfirlit	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	8
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	11
Efnahagsreikningur	12
Sjóðstreymisyfirlit	13
Eiginfjárfylling	14
Skýringar	15
Óendurskoðuð fylgiskjöl	
Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðuð)	38
Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðuð)	42

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri Ísfélags hf. (hér eftir „Ísfélag“ eða „félagið“) leggja fram skýrslu þessa með endurskoðuðum ársreikningi Ísfélags hf. fyrir árið 2024.

Ársreikningur Ísfélags hf. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Ársreikningurinn er móðurfélagsreikningur enda telur félagið að dótturfélögin hafi óveruleg áhrif á reikningsskilin bæði ein og sér og sem heild. Ársreikningurinn er birtur í bandaríkjadollurum (USD), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Um félagið

Ísfélag hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og er skráð á aðalmarkað Nasdaq á Íslandi. Félagið er elsta starfandi hlutafélag á Íslandi, stofnað þann 1. desember 1901. Félagið gerir út samtals níu fiskiskip, af þeim eru fjögur uppsjávarskip, þrjú bolfiskskip, frystitogari og krókabátur og vinnur afurðir í frystihúsum, rækjuvinnslu og fiskimjölsverksmiðjum sem staðsettar eru í Vestmannaeyjum, á Siglufirði og á Þórshöfn. Meginstarfsemi félagsins er að stunda veiðar og framleiða hágæða afurðir úr bolfiski, rækju og uppsjávarfiski.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

	2024	2023
Rekstrartekjur ársins.....	171.095.735	194.016.369
Hagnaður ársins.....	16.118.402	38.648.772
Meðaltals fjöldi ársverka nam á árinu.....	356	335
Stöðugildi í lok árs.....	353	398
	31.12.2024	31.12.2023
Eignir félagsins námu.....	778.066.596	804.385.508
Bókfært eigið fé nam.....	550.732.892	554.159.721
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	70,8%	68,9%

Bolfiskveiðar- og vinnsla gengu vel og voru burðarásinn í starfsemi félagsins á árinu. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að engin úthlutun var á aflamarki í loðnu á árinu 2024. Frystitogariinn Sólberg er meðal aflahæstu skipa landsins og Sigurbjörg, nýtt bolfiskskip félagsins, var afhent um sumarið.

Lítill loðnuveiði mun hafa talsverð áhrif á afkomu félagsins á árinu 2025. Félagið hefur lokið við að auka afköst fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum og vinna er hafin við rafvæðingu hennar. Hafin er bygging á nýrri frystigeymslu á Þórshöfn, sem á að vera tilbúin fyrir makrílvertíð 2025. Væntingar standa til að þessar fjárfestingar muni bæta reksturinn í framtíðinni auk þess sem félagið er áfram fjárhagslega afar sterkt til að takast á við frekari fjárfestingar og tækifæri á komandi árum.

Félagið skrifaði undir kaupsamning um uppsjávarskipið Pathway á árinu 2024 og var það liður í að efla uppsjávarflota félagsins og er áætlað að skipið verði afhent í maí 2025. Ráðgert er að selja tvö uppsjávarskip og bolfiskskipin Ottó M. Þorláksson og Jón á Hofi.

Á árinu lokaði félagið fiskvinnslunni í Þorlákshöfn. Vinnslan í Þorlákshöfn byggði á humarvinnslu en þar sem fyrirséð er að ekki verði gefinn út humarkvóti í nánustu framtíð voru ekki taldar forsendur lengur fyrir rekstrinum. 34 starfsmönnum var sagt upp við lokun vinnslunnar.

Í janúar 2025 var félagið endurfjármagnað með sambankaláni að fjárhæð EUR 220 milljónir. Fjármögnunin er til fimm ára og skiptist í tvo hluta, annars vegar í EUR 150 milljóna afborgunarlán með 25 ára afborgunarferli og hins vegar jafngildi EUR 70 milljóna fjölmynta ádráttarlán. Afborgunarhlutinn var nýttur til að endurfjármagna öll vaxtaberandi lán félagsins og ádráttarhlutanum er ætlað að tryggja lánsfjármögnun í framtíðinni.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra (framhald)

Áhættustýring

Stærstu áhættuþættir í rekstri eru tengdir stærð fiskistofna og úthlutun aflaheimilda, gangi veiða og verðþróun á helstu afurðum. Starfsemin er vertíðabundin þar sem oft er framleitt mikið magn á stuttum tíma og getur þá liðið langur tími frá því að lagt er út fyrir kostnaði og þangað til tekjur eru innleystar.

Félagið hefur sett sér áhættustefnu til að viðhalda yfirsýn og viðeigandi stýringu í starfsemi félagsins, styrkja áhættustjórnun og innra eftirlit í rekstri ásamt því að ná fram betri nýtingu fjármuna. Til að greina og meðhöndla áhættu í starfsemi félagsins verður gert áhættumat með reglulegum hætti með það að markmiði að meðhöndla áhættur og forgangsraða mildunaraðgerðum. Í stefnunni er áhættuvilji og áhættupól skilgreint.

Forstjóri og fjármálastjóri hafa heimild til að gera framvirka samninga, til takmörkunar á gengis- og vaxtaáhættu félagsins.

Sjálfbærniáhætta hefur ekki verið greind sérstaklega en ljóst er að áhættur sem tengjast umhverfislegum, félagslegum og stjórnarháttatengdum þáttum geta haft áhrif á starfsemi, fjárhagslega frammistöðu eða orðspor félagsins. Loftslagsbreytingar geta haft áhrif á stöðu fiskistofna við landið, súrnun hafsins og hitastig og þannig haft veruleg áhrif á rekstur félagsins. Auknir umhverfisskattar og flókið regluverk kallar á sérfræðipækkingu og aðlögun í rekstri félagsins. Enn fremur eru töluverðar áhættur til staðar þegar kemur að öflun raforku og grunnvatns, sem eru grunnþarfir í rekstri félagsins.

Eignarhald

Skráð hlutafé félagsins í lok árs nam kr. 818.612.313 en félagið á eigin hluti af nafnverði 771.891. Í árslok voru 3.415 hluthafar (4.634 í árslok 2023). Félagið keypti 500.000 eigin bréf á árinu. Viðskiptin byggja á eldra samkomulagi, en seljandi bréfanna gat ekki afhent þau fyrr en á árinu 2024.

Tíu stærstu hluthafar eru sem hér segir miðað við árslok 2024:

	Hlutdeild	Hlutir
ÍV fjárfestingafélag ehf.	49,2%	402.201.538
Marteinn Haraldsson ehf.	11,4%	93.494.071
Gunnar Sigvaldason.....	6,3%	51.827.700
Lífeyrissjóður verzlunarmanna.....	4,0%	32.941.473
Svavar Berg Magnússon.....	3,2%	26.177.653
Anna ehf.	2,3%	18.471.622
Stapi Lífeyrissjóður.....	1,7%	14.258.061
Brú Lífeyrissjóður	1,7%	13.629.268
Frjálsi Lífeyrissjóðurinn.....	1,6%	13.103.544
Fimman ehf.	1,4%	11.192.088
Aðrir hluthafar.....	17,2%	140.543.404
Eigin hlutir.....		771.891
	100%	818.612.313

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð ISK 2.100 milljónir á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024. Að öðru leyti er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra (framhald)

Sjálfbærni

Ísfélagið hefur undanfarin þrjú ár gefið út ársskýrslu þar sem settar eru fram ófjárhagslegar upplýsingar um starfsemi félagsins. Unnið hefur verið markvisst að því að kortleggja sjálfbærnimál félagsins og byggja upp grunn innan starfseminnar til að mæta þeim kröfum sem framundan eru. Félagið hefur stuðst við UFS (e. ESG) leiðbeiningar sem Kauphallir Nasdaq á Norðurlöndum hafa sett fram um birtingu upplýsinga um sjálfbærni þ.e. umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti við útgáfu ársskýrslu um ófjárhagslegar upplýsingar síðastliðin þrjú ár og einnig að hluta til við Global Reporting Initiative (GRI) og tekur sjálfbærniuppgjör 2024 nú í fyrsta sinn mið af Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD) og viðmiðum evrópska sjálfbærnistaðalsins (ESRS). Loftslagsbókhald félagsins er reiknað samkvæmt GRI-stöðlum. Þessar upplýsingar eru hvorki staðfestar né endurskoðaðar.

Stjórn og framkvæmdarstjórn félagsins hafa samþykkt sjálfbærnistefnu félagsins. Stefnan byggir á alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum Nasdaq um umhverfis- og félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). Ábyrgðaraðili stefnunnar er forstjóri félagsins, sem ber ábyrgð á innleiðingu hennar ásamt lykilstjórnendum. Stefnan er endurskoðuð árlega og kynnt öllu starfsfólki og stjórnendum. Stjórn fær kynningu á sjálfbærnimálum félagsins með skýrslu að minnsta kosti einu sinni á ári.

Umhverfismál

Umhverfisstefna félagsins hefur verið samþykkt af stjórn félagsins og er það eitt af markmiðum félagsins að hafa sjálfbæra þróun og vernd umhverfis að leiðarljósi í starfi félagsins. Félagið vinnur að því að gera úrbætur í starfsemi sinni til að minnka umhverfisáhrif þess og lágmarka sóun eins og kostur er.

Ísfélagið hefur alla tíð sýnt ábyrgð í verki þegar kemur að sjálfbærni og er ávallt meðvitað um áhrif starfsemi sinnar á umhverfið, starfsfólk þess og nærsamfélag. Félagið stundar ábyrga auðlindanotkun í samræmi við stjórn fiskveiða. Í allri virðiskeðju félagsins hefur verið lögð áhersla á fulla nýtingu hráefnis og að takmarka eins og hægt er úrgang vegna vinnslu afurða. Meirihluti kolefnisútblásturs félagsins kemur frá skipum og fiskimjölsverksmiðjum.

Ekki hafa komið fram raunhæfar lausnir til að skipta út notkun á olíu í fiskiflotanum, því nota skip félagsins olíu sem aflgjafa, en félagið er þó staðráðið í að taka þátt í þeim orkuskiptum sem verða í framtíðinni. Í aðgerðaráætlun stjórnvalda er það gert að markmiði að draga úr losun vegna eldsneytisnotkunar fiskiskipa um 50% árið 2030, miðað við árið 2005. Frá árinu 2005 hefur samdráttur vegna olíunotkunar fiskiflota Íslands numið um 40%. Ísfélagið hefur undanfarið endurskipulagt skipaflota sinn, þar sem eitt skip, Sigurbjörg VE, kom í stað þriggja eldri, og má ætla að þetta minnki heildarlosun félagsins til framtíðar og þá sérstaklega olíunotkun á veitt tonn (lykilmælikvarði).

Félagið starfrækir fiskimjölsverksmiðjur í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn. Báðar eru þær keyrðar á verksmiðjuolíu, sem er díselolía og endurunnin afgangsolía sem er safnað um land allt, þ.m.t. smurolía og önnur úrgangsolía sem nýtist við keyrslu á olíukötum félagsins. Markmið félagsins er að keyra verksmiðjurnar eingöngu á raforku, allt árið um kring. Nýlega var tekin ákvörðun um lagningu rafstrengja til Vestmannaeyja, sem mun gera félaginu kleift að nota raforku í stað olíu. Félagið fékk styrk frá Orkustofnun til orkuskipta í fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum og hafa framkvæmdir þegar hafist við rafvæðingu verksmiðjunnar.

Á Þórshöfn er enn ekki tiltæk raforka til að keyra verksmiðju félagsins sökum veiks dreifikerfis raforku. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um eflingu dreifikerfisins á svæðinu og því hefur félagið enga aðra kosti en að keyra verksmiðjuna á endurunninni olíu.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra (framhald)

Umhverfismál (framhald)

Félagið leggur mikla áherslu á að draga úr almennu sorpi og auka flokkunarhlutfall. Allur úrgangur frá skipum félagsins er flokkaður og skilað til endurvinnslustöðva. Félagið skilaði rúmum 200 tonnum af veiðarfæraúrgangi í hringrásarkerfi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi á árinu 2024, þar sem séð er til þess að veiðarfæraúrgangurinn er endurunnninn eða endurnýttur. Endurvinnslutunnum hefur verið komið fyrir á öllum starfsstöðvum félagsins, flokkunargámum við vinnslur og verksmiðjur og móttaka og flokkun úrgangs frá skipum verið bætt enn frekar. Markmið félagsins er að ná flokkunarhlutfalli þess í 75% á árinu 2027.

Félagsleg mál

Mikilvægt er fyrir félagið að vera eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að og heldur í hæft og traust starfsfólk. Áhersla er lögð á jafnrétti á vinnustaðnum og málefnaleg og sanngjörn samskipti. Félagið líður ekki hvers kyns einelti, ofbeldi eða áreitni á vinnustað og hefur sett sér viðbragðsáætlun því tengdu. Lögð er áhersla á að tryggja ánægju, öryggi og vellíðan starfsfólks með góðum aðbúnaði á vinnustað ásamt reglulegri fræðslu og þjálfun. Árlega eru haldin öryggis- og vinnuverndarnámskeið til að efla öryggisvitund starfsmanna. Félagið virðir mannréttindi starfsfólks, líður ekki barnaprælkun né nauðungarvinnu og tryggir öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi í samræmi við félagslega og tæknilega þróun.

Félagið hefur á að skipa reynslumiklum og metnaðarfullum mannauði. Í lok ársins hóf félagið formlegar mannauðsmælingar á öllum starfsstöðvum, sem hluta af árangursmælikvörðum félagsins. Púlskannanir eru sendar út til starfsfólks í hverjum mánuði, ásamt því að EKKO-könnun og sérstakt stjórnendammat er gert einu sinni á ári. Þátttaka starfsfólks hefur verið að meðaltali um 80% í þeim könnunum og munu niðurstöður þessara kannana setja árangursmælikvarða í mannauðsmálum til framtíðar.

Félagið hefur verið jafnlaunavottað frá árinu 2019 samkvæmt ÍST staðlinum 85:2012. Samkvæmt síðustu úttekt félagsins, í lok ársins 2024, var óútskýrður launamunur kynjanna 0%. Félagið er stolt af því að enginn launamunur sé á milli kynja.

Stjórnarhættir og ófjárhagslegar upplýsingar

Félagið starfar samkvæmt gildandi löggjöf um hlutafélög og um aðila sem eru undir eftirliti Nasdaq Iceland. Stjórn félagsins leitast við að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Félagið álitur sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti í öllum megindráttum að því frátöldu að ekki hefur verið skipuð tilnefningarnefnd og stjórn víkur frá reglu um að minnsta kosti tveir þeirra stjórnarmanna sem óháðir eru félaginu og daglegum stjórnendum þess, skuli jafnframt vera óháðir stórum hluthöfum félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing félagsins fyrir árið 2024 hefur verið yfirfarin af stjórn. Stjórnarháttum félagsins er nánar lýst í yfirlýsingunni sem má finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikninginn og á vef félagsins, www.isfelag.is.

Félagið hefur sett siðareglur fyrir stjórn og starfsfólk sem birtar eru á heimasíðu félagsins. Reglurnar eru leiðbeinandi þegar kemur að því að gæta siðferðilegrar og samfélagslegrar ábyrgðar, bæði innan stjórnar, í félaginu og út á við. Það er markmið félagsins að tryggja að viðskipti þess séu stunduð af heilindum og að orðspor þess og hagaðila sé í heiðri haft. Samfélagsleg ábyrgð, mannréttindi og sjálfbærni eru stór hluti af siðareglum félagsins. Félagið virðir mannréttindi í hvívetna, virðir nærsamfélag sitt og þau áhrif sem rekstur þess hefur og lögð er rík áhersla á sjálfbærni þeirra auðlinda sem félagið byggir afkomu sína á.

Öll viðskipti félagsins eru framkvæmd á armslengdargrunni og líður félagið ekki spillingu, mútur eða óviðeigandi fyrirgreiðslur. Bæði siðareglur félagsins og stefna þess gegn mútum og spillingu setja félaginu skýr markmið um að félagið taki ekki þátt í neins konar ólögætum viðskiptum eða aðgerðum, svo sem peningaþvætti eða mútum.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra (framhald)

Stjórn félagsins eru skipuð fimm einstaklingum. Þrír af þeim eru konur og tveir karlar. Framkvæmdarstjórn félagsins samanstendur af fjórum einstaklingum og allir eru þeir karlmenn. Stjórn Ísfélags fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Henni ber að hafa eftirlit með daglegum rekstri þess, stefnumótun, hlítingu laga og reglna og innra eftirlit. Tvær undirnefndir stjórnar eru starfandi, þ.e. endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.

Stjórn ræður forstjóra sem annast daglegan rekstur í samræmi við stefnu stjórnar. Í félaginu er starfandi framkvæmdarstjórn, skipuð forstjóra, aðstoðarforstjóra, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar.

Árangursmat stjórnar og forstjóra fór fram í janúar 2025. Skoðað var hvernig til tókst með verkefni stjórnar á árinu 2024. Einnig var lagt mat á upplýsingagjöf, stefnumótun og framtíðarsýn, frammistöðu stjórnar, skoðanaskipti og skilvirkni funda, starf undirnefnda stjórnar, sjálfbærniupplýsingar og frammistöðu formanns og forstjóra.

Fjármálastjóri útbýr reikningsskil fyrir félagið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu auk viðbótarkrafna sem fram koma í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Áður en árs- og árshlutareikningar félagsins eru lagðir fyrir stjórn til samþykktar hefur endurskoðunarnefnd yfirfarið reikningsskil félagsins. Þá fjallar endurskoðunarnefnd reglulega um reikningsskil félagsins og leggur mat á innra eftirlit þess.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 31. desember 2024 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á árinu 2024. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir árið 2024 gefi glögg yfirlit um árangur af rekstri félagsins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Ísfélags hf. hafa í dag fjallað um ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfesta hann með rafrænni undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Vestmannaeyjum, 27. mars 2025.

Í stjórn:

Forstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Ísfélags hf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Ísfélags hf. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og að við erum óháð félaginu við endurskoðunina.

Við vorum kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 17. apríl 2024 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur	Viðbrögð í endurskoðuninni
Mat og tilvist afurðabirgða Afurðabirgðir (sjá skýringar 14 og 25 birgðir) í ársreikningnum nema USD 27,9 milljónum í lok árs 2024. Það samsvarar um 3,6% af heildareignum og 5,1% af eigin fé. Kostnaðarverð/framleiðslukostnaðarverð afurðabirgða er háð mati stjórnenda og byggir á útreikningum um framlegð og öðrum forsendum stjórnenda, sem og samanburði við dagverð. Því er þessi liður lykilþáttur í endurskoðun okkar.	Endurskoðun á mati og tilvist afurðabirgða fólst meðal annars í: • Skoðun og úrtakstalningu á afurðabirgðum félagsins á reikningsskiladegi. • Yfirferð á samsetningu afurðabirgða. • Lögðum mat á aðferðafræði og forsendur stjórnenda við mat afurðabirgða. • Bókfært verð afurðabirgða á reikningsskiladegi var borið saman við söluverð. • Meðalframleiðsluverð afurðabirgða er metið út frá framlegð deilda og því voru forsendur og útreikningur framlegðar staðreyndar. • Fórum yfir viðeigandi skýringar í ársreikningnum og staðfestum að upplýsingar sem reikningsskilareglur kveða á um kæmu fram.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafana til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi Ísfélags hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á því hvort ársreikningur Ísfélags hf. fyrir árið 2024 með skráarheitið 549300R7Z508ZEW03R28-2024-12-31 hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið í samræmi við reglugerð ESB 2019/815 sem inniheldur skilyrði sem tengjast gerð ársreikningsins á XHTML formi og iXBRL merkingum.

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð ársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021. Í því felst meðal annars að útbúa ársreikninginn á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar ESB 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið.

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu, byggt á gögnum sem við höfum aflað, um hvort ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með álit okkar. Eðli, tímasetning og umfang vinnunnar byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á hættunni á að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglunum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að ársreikningur Ísfélags hf. fyrir árið 2024 með skráarheitið 549300R7Z508ZEW03R28-2024-12-31 sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Matthías Þór Óskarsson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Vestmannaeyjum, 27. mars 2025.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 2024

	Skýr.	2024	2023 *
Rekstrartekjur	3	171.095.735	194.016.369
Kostnaðarverð seldra vara	6	(129.608.473)	(125.089.235)
Framlegð		41.487.262	68.927.134
Aðrar tekjur	3	3.916.605	647.496
Útflutnings- og dreifingarkostnaður	6	(5.284.386)	(5.133.547)
Annar rekstrarkostnaður	6	(7.830.550)	(7.195.147)
Rekstrarhagnaður	3	32.288.930	57.245.937
Fjármunatekjur		2.928.298	2.466.220
Fjármagnsgjöld		(10.513.370)	(13.060.646)
Hreinn gengismunur		1.407.163	194.118
Hrein fjármagnsgjöld	7	(6.177.909)	(10.400.308)
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага	12	(4.427.072)	1.512.701
Hagnaður fyrir tekjuskatt		21.683.949	48.358.329
Tekjuskattur	9	(5.565.546)	(9.709.557)
Hagnaður ársins		16.118.402	38.648.772
Önnur heildarafkoma			
Liðir sem síðar kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikning:			
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum		(4.350.450)	2.658.306
Heildarafkoma ársins		11.767.952	41.307.078
Aðrar upplýsingar			
Rekstrarhagnaður		32.288.930	57.245.937
Afskriftir		15.905.155	13.447.911
EBITDA		48.194.086	70.693.848
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	18	0,020	0,058

* Tölur fyrir tímabilið 1.1.-30.6.2023 innihalda ekki rekstur Ramma hf.
Skýringar á blaðsíðum 15 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Aflaheimildir	10	397.975.246	399.566.468
Rekstrarfjármunir	11	168.523.459	142.657.144
Eignarhlutar í dóttur-, hlutdeildarfélögum og samrekstri	12	92.161.939	99.765.039
Fjárfestingar á gangvirði	13	13.429.649	11.617.210
Langtímakröfur		10.832.830	9.788.419
Fastafjármunir		682.923.122	663.394.280
Birgðir	14	38.358.237	61.315.202
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	15	18.372.152	30.451.798
Næsta árs afborgun langtímakrafna		2.268.933	5.161.524
Handbært fé		36.144.151	44.062.704
Veltufjármunir		95.143.474	140.991.228
Eignir samtals		778.066.596	804.385.508
Eigið fé	17		
Hlutfé		6.485.973	6.489.630
Lögbundinn varasjóður		1.634.894	1.634.894
Yfirverðsreikningur hlutafjár		300.432.706	300.432.706
Þýðingarmunur	(	2.725.810)	1.624.640
Bundinn hlutdeildarreikningur		8.315.972	6.933.683
Óráðstafað eigið fé		236.589.156	237.044.166
Eigið fé		550.732.892	554.159.721
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	19	112.065.968	124.676.145
Tekjuskattsskuldbinding	20	76.555.427	76.617.001
Langtímaskuldir		188.621.395	201.293.146
Vaxtaberandi skuldir	19	14.816.268	17.888.533
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	21	18.156.276	17.008.559
Tekjuskattur til greiðslu	20	5.739.764	14.035.549
Skammtímaskuldir		38.712.308	48.932.641
Skuldir		227.333.704	250.225.788
Eigið fé og skuldir samtals		778.066.596	804.385.508

Skýringar á blaðsíðum 15 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr.	2024	2023 *
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður ársins		32.288.930	57.245.937
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir rekstrarfjármuna	11	15.905.155	13.447.911
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna og aflaheimilda		(2.256.652)	(62.060)
		<u>45.937.434</u>	<u>70.631.788</u>
Breytingar á birgðum		22.956.965	(24.243.564)
Breytingar á rekstartengdum kröfum		12.198.340	(3.526.553)
Breytingar á rekstartengdum skuldum		162.893	(5.881.712)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>35.318.198</u>	<u>(33.651.830)</u>
Innborgaðar vaxtatekjur		2.757.854	2.188.986
Greidd vaxtagjöld		(9.541.451)	(5.060.942)
Greiddur tekjuskattur		(13.739.378)	(11.631.535)
Handbært fé frá rekstri		<u>60.732.657</u>	<u>22.476.467</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	11	(41.881.562)	(17.680.227)
Fjárfesting í aflaheimildum	10	0	(4.401.086)
Söluverð rekstrarfjármuna		330.118	244.986
Söluverð aflaheimilda	10	3.850.975	0
Yfirtekið handbært fé við samruna		0	4.435.144
Fjárfesting í eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum	12	(3.182.027)	(74.301.476)
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(3.432.176)	(4.941.192)
Seldar fjárfestingar á gangvirði		741.764	5.191.383
Langtímakröfur, breyting		1.143.009	(2.903.864)
Mótttekinn arður		2.137.425	879.373
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(40.292.473)</u>	<u>(93.476.960)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		(14.844.137)	(15.000.000)
Eigin bréf (kaup) og sala		(350.644)	44.269.300
Tekin vaxtaberandi lán	19	0	67.012.098
Afborganir leiguskuldar	19	(52.448)	(48.868)
Afborganir vaxtaberandi skulda	19	(12.028.436)	(8.298.863)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(27.275.665)</u>	<u>87.933.667</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(6.835.481)	16.933.175
Handbært fé í ársbyrjun		44.062.704	26.608.654
Gengismunur af handbæru fé		(1.083.072)	520.875
Handbært fé í árslok		<u>36.144.151</u>	<u>44.062.704</u>
Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa			
Áhrif samruna að frádregnu yfirteknu handbæru fé		0	(254.929.099)
Hlutfjárhækkun		0	254.929.099

* Tölur fyrir tímabilið 1.1.-30.6.2023 innihalda ekki rekstur Ramma hf.
Skýringar á blaðsíðum 15 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjárfirlit 1. janúar 2023 til 31. desember 2024

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Yfirverðs- reikningur	Þýðingar- munur	Bundinn hlutd.reikn.	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
Árið 2023							
Eigið fé 1.1.2023	4.405.931	1.192.942	3.318.008	(653.493)	7.436.429	212.954.429	228.654.246
Hagnaður ársins						38.648.772	38.648.772
Önnur heildarafkoma				2.658.306			2.658.306
Heildarafkoma ársins				2.658.306		38.648.772	41.307.078
Hlutfjárhækkun	1.767.808		253.161.290				254.929.098
Seldir eigin hlutir	315.891		43.953.409				44.269.300
Upplest vegna fyrri ára				(380.173)	(182.343)	562.516	0
Millifært á bundið eigið fé ..					(320.403)	320.403	0
Framlag í varasjóð		441.952				(441.952)	0
Arður, 0,019 USD á hlut						(15.000.000)	(15.000.000)
Eigið fé 31.12.2023	6.489.630	1.634.894	300.432.706	1.624.640	6.933.683	237.044.166	554.159.721
Árið 2024							
Eigið fé 1.1.2024	6.489.630	1.634.894	300.432.706	1.624.640	6.933.683	237.044.166	554.159.721
Hagnaður ársins						16.118.402	16.118.402
Önnur heildarafkoma				(4.350.450)			(4.350.450)
Heildarafkoma ársins				(4.350.450)		16.118.402	11.767.952
Keyptir eigin hlutir	(3.657)					(346.987)	(350.644)
Millifært á bundið eigið fé ..					1.382.288	(1.382.288)	0
Arður, 2,568 ISK á hlut						(14.844.137)	(14.844.137)
Eigið fé 31.12.2024	6.485.973	1.634.894	300.432.706	(2.725.810)	8.315.972	236.589.156	550.732.892

Skýringar á blaðsíðum 15 - 37 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Ísfélag hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Tangagötu 1, Vestmannaeyjum. Ísfélag hf. er sjávarútvegsfyrirtæki, en starfspættir félagsins eru útgerð og vinnsla.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn og heimilaði birtingu hans 27. mars 2025.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sé fylgt

Ársreikningur er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í íslenskum lögum, eftir því sem við á.

Upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir félagsins eru í skýringu 25.

Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutar í öðrum félögum og afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í bandaríkjadollurum (USD), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í bandaríkjadollurum (USD), nema annað sé tekið fram.

Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum er að finna í skýringu 10 um mat á endurheimtanlegu virði aflaheimilda, í skýringu 11 um nýtingartíma varanlegra rekstrarfjármuna og í skýringu 12 um eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélögum og félögum í samrekstri.

Skýringar

3. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á rekstrarstarfsþáttum og innri upplýsingagjöf félagsins. Félagið skiptist í tvo starfsþætti, útgerð og vinnsla.

Útgerð

Til tekna hjá útgerð telst sala útgerðar á sjávarafurðum sem og kvótaleiga. Í þeim tilfellum þar sem skip félagsins afla hráefnis til eigin vinnslu er aflaverðmætið tekjufært hjá útgerðarsviði við löndun afla. Innri viðskipti vegna löndunar afla af skipum félagsins til vinnslu eru felld út við gerð ársreikningsins. Kostnaður samanstendur aðallega af rekstri skipa, s.s. launum og launatengdum gjöldum sjómanna, viðhaldi, veiðarfærum, veiðigjöldum, olíu og stjórnunarkostnaði.

Vinnsla

Til tekna hjá vinnslu telst sala á sjávarafurðum, en kostnaður samanstendur aðallega af kostnaði vegna eigin afla sem landað er úr skipum félagsins, öðrum hráfniskostnaði, launum og launatengdum gjöldum, ásamt kostnaði við rekstur og viðhald húsnæðis, véla og tækja.

	Útgerð	Vinnsla	Jöfnunar- færslur	Samtals
2024				
Rekstrartekjur	91.999.837	118.276.698	(39.180.800)	171.095.735
Kostnaðarverð seldra vara	(77.018.474)	(91.770.799)	39.180.800	(129.608.473)
Framlegð	14.981.363	26.505.899	0	41.487.262
Aðrar tekjur	2.533.589	1.383.016		3.916.605
Útflutnings- og dreifingarkostnaður	(1.023.919)	(4.260.467)		(5.284.386)
Annar rekstrarkostnaður	(4.052.628)	(3.777.923)		(7.830.550)
Rekstrarhagnaður	12.438.405	19.850.525	0	32.288.930
Hrein fjármagnsgjöld				(6.177.909)
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага				(4.427.072)
Hagnaður fyrir tekjuskatt				21.683.949
Tekjuskattur				(5.565.546)
Hagnaður ársins				16.118.402
 Afskriftir rekstrarfjármuna	8.889.325	7.015.830		15.905.155
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	26.081.105	15.800.457		41.881.562
Rekstrarfjármunir	99.671.532	68.851.926		168.523.459
 2023				
Rekstrartekjur	95.521.152	174.651.428	(76.156.210)	194.016.369
Kostnaðarverð seldra vara	(70.109.178)	(131.136.267)	76.156.210	(125.089.235)
Framlegð	25.411.973	43.515.161	0	68.927.134
Aðrar tekjur	165.794	481.702		647.496
Útflutnings- og dreifingarkostnaður	(931.925)	(4.201.622)		(5.133.547)
Annar rekstrarkostnaður	(3.216.785)	(3.978.362)		(7.195.147)
Rekstrarhagnaður	21.429.057	35.816.879	0	57.245.937
Hrein fjármagnsgjöld				(10.400.308)
Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага				1.512.701
Hagnaður fyrir tekjuskatt				48.358.329
Tekjuskattur				(9.709.557)
Hagnaður ársins				38.648.772
 Afskriftir rekstrarfjármuna	7.848.155	5.599.756		13.447.911
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	2.391.050	15.289.177		17.680.227
Rekstrarfjármunir	82.640.898	60.016.246		142.657.144

Skýringar

3. Starfspáttayfirlit (framhald)

Landsvæðaskipting

	2024	2023
Rekstrartekjur sundurliðast á eftirfarandi hátt á landsvæði:		
Evrópa	158.202.269	172.418.211
Asía	4.892.230	16.630.223
Ameríka	7.691.850	4.697.485
Annað	309.385	270.451
Rekstartekjur samtals	171.095.735	194.016.369

Seldar vörur eru rekstrartekjur af samningum við viðskiptavini og falla undir gildissvið IFRS 15, Tekjur af samningum við viðskiptavini. Aðrar tekjur félagsins eru seldar vörur, útseld þjónusta og söluhagnaður rekstrarfjármuna og aflaheimilda.

Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:	2024	2023
Söluhagnaður aflahlutdeildar	2.259.752	0
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	47.250	91.933
Seldar vörur og þjónusta	1.609.603	555.563
Aðrar tekjur samtals	3.916.605	647.496

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun	45.802.499	43.565.905
Lífeyrисиðgjöld	5.875.492	4.901.531
Önnur launatengd gjöld og starfsmannatengdur kostnaður	6.055.767	5.549.881
Laun og launatengd gjöld samtals	57.733.759	54.017.316

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

Kostnaðarverð seldra vara	52.952.436	50.316.052
Annar rekstrarkostnaður	4.781.323	3.701.264
Laun og launatengd gjöld samtals	57.733.759	54.017.316
Ársverk	356	335

5. Þóknanir til endurskoðenda

Þóknanir til endurskoðenda félagsins greinast þannig:	2024	2023
Endurskoðun ársreiknings	108.867	150.227
Könnun árschlutareiknings	15.189	46.450
Önnur þjónusta	40.725	101.481
Samtals	164.781	298.158

6. Tegundarskipting rekstrarkostnaðar

Rekstrarkostnaður greinist þannig eftir tegundum:	2024	2023
Kostnaðarverð seldra vara	60.750.882	60.931.488
Laun og launatengd gjöld	57.733.759	54.017.316
Útflutnings- og dreifingarkostnaður	5.284.386	5.133.547
Annar kostnaður	3.049.227	3.887.666
Afskriftir	15.905.155	13.447.911
Rekstrarkostnaður samtals	142.723.409	137.417.928

Skýringar

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2024	2023
Vaxtatekjur skammtímakrafna og handbærs fjár	2.022.366	1.788.446
Vaxtatekjur langtímakrafna	854.182	642.979
Arður af hlutabréfaeign	51.750	34.794
Fjármunatekjur samtals	2.928.298	2.466.220
Vaxtagjöld og verðbætur vaxtaberandi skulda	(8.727.115)	(5.421.911)
Önnur vaxtagjöld	(167.162)	(262.756)
Gangvirðisbreyting fjárfestinga á gangvirði	(885.481)	(1.357.759)
Gangvirðisbreyting afleiðna	(733.613)	(6.018.219)
Fjármagnsgjöld samtals	(10.513.370)	(13.060.646)
Hreinn gengismunur	1.407.163	194.118
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(6.177.909)	(10.400.308)

8. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

	2024	2023
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 11	15.814.641	13.365.538
Afskriftir leigueignar, sbr. skýringu 11	90.514	82.373
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	15.905.155	13.447.911

Afskriftir skiptast þannig þannig eftir rekstrarliðum:

Kostnaðarverð seldra vara	15.424.067	13.003.414
Annar rekstrarkostnaður	481.088	444.497
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	15.905.155	13.447.911

9. Tekjuskattur

Tekjuskattshlutfall félagsins á árinu 2024 er 21% (2023: 20%). Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2024	2023
Frestaður tekjuskattur	(174.218)	(2.825.238)
Tekjuskattur til greiðslu	5.739.764	14.035.549
Áhrif samruna	0	(1.500.754)
	5.565.546	9.709.557

Virkt tekjuskattshlutfall félagsins greinist þannig:

	2024		2023	
Hagnaður fyrir skatta	21.683.949		48.358.329	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	4.553.629	21,0%	9.671.666	20,0%
Tekjufærður arður	(10.868)	(0,1%)	(6.959)	(0,0%)
Matsbreyting hlutabréfa	185.951	0,9%	271.552	0,6%
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélagi	929.685	4,3%	(302.540)	(0,6%)
Áhrif gengismunar tekjuskattsskuldbindingar	(29.119)	(0,1%)	241.762	0,5%
Aðrir liðir	(63.732)	(0,3%)	(165.924)	(0,3%)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	5.565.546	25,7%	9.709.557	20,1%

Skýringar

10. Aflaheimildir

Keyptar aflaheimildir greinast þannig:	2024	2023
Bókfært verð aflaheimilda 1.1.	399.566.468	127.505.652
Yfirtekið við samruna	0	267.659.731
Keypt á árinu	0	4.401.086
Selt á árinu	(1.591.223)	0
Bókfært verð aflaheimilda 31.12	397.975.246	399.566.468

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem ófæðislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega. Aflaheimildir tilheyra starfsþættinum útgerð og er virðisrýrnunarpróf framkvæmt á útgerð, sem telst sjóðskapandi eining.

Lagt er mat á endurheimtanlega fjárhæð fiskveiðiheimilda útfrá áætluðu söluverði að frádregnum sölukostnaði. Endurheimtanleg fjárhæð byggir á úthlutuðu magni samkvæmt Fiskistofu fyrir fiskveiðitímabilið sem hófst 1. september 2024 og áætluðu viðmiðunarverði viðkomandi tegunda á grundvelli nýlegra viðskipta með aflahlutdeild þessara tegunda. Stjórnendur telja að viðskipti með aflahlutdeild viðkomandi tegunda séu reglubundin og í nægilegu magni til að verðupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfylli kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla um virkan markað. Metið endurheimtanlegt virði aflaheimilda félagsins er verulega umfram bókfært verð. Stjórnendur telja að raunhæfar breytingar á viðmiðunarverðum myndu ekki leiða til þess að endurheimtanlegt virði aflaheimilda félagsins yrði lægra en bókfært verð þeirra.

Aflaheimildir félagsins greinast þannig:	Hlutdeild í úthlutun 1.9.2024	Úthlutaðar heimildir tonn
Tegund:		
Þorskur	6,16%	10.339
Ýsa	6,58%	3.943
Ufsi	7,56%	4.006
Gullkarfi	5,72%	2.267
Grálúða	7,37%	648
Rækja	14,68%	631
Skarkoli	3,32%	228
Langlúra	29,96%	385
Djúpkarfi	5,03%	181
Síld	14,13%	10.217
Norsk-íslensk síld	20,15%	11.611
Loðna	19,99%	-
Makrill*	13,04%	14.551
Kolmunni	5,20%	15.919
Aðrar kvótabundnar tegundir		565
Samtals aflaheimildir		75.490

Krókaflahlutdeild félagsins greinist þannig:

Þorskur	0,44%	742
Ýsa	0,26%	155
Ufsi	0,11%	58
Keila	0,32%	15
Aðrar tegundir		28
Samtals aflaheimildir		998

*Úthlutun fyrri tímabils 31.12.2023

Skýringar

10. Aflaheimildir (framhald)

Úthlutun aflaheimilda fer fram árlega í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Matvælaráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum frá Hafrannsóknarstofnun, þann heildarafla sem veiða má úr nytjastofnum í íslenskri fiskveiðilögsögu sem nauðsynlegt er að takmarka veiðar á.

Félaginu var úthlutað fyrir árið 2024 aflaheimildum sem nema 540 tonnum af þorski í norskrí lögsögu. Einnig á félagið 27,25% aflahlutdeild í humri sem ekki er úthlutað, þar sem veiðar eru ekki leyfðar.

11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Fiskiskip og búnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2023	61.667.620	89.986.111	74.007.237	225.660.968
Yfirtekið í samruna	1.204.483	36.024.897	2.227.383	39.456.763
Endurmat leigueignar	561.193	0	0	561.193
Viðbætur á árinu	3.603.773	2.391.050	11.685.848	17.680.671
Selt og niðurlagt	0 (	962.552) (	423.057) (	1.385.610)
Heildarverð 31.12.2023	67.037.070	127.439.505	87.497.411	281.973.986
Endurmat leigueignar	223.126	0	0	223.126
Viðbætur á árinu	5.251.884	26.081.105	10.548.573	41.881.562
Selt og niðurlagt	0 (	267.441) (	174.412) (	441.853)
Heildarverð 31.12.2024	72.512.080	153.253.169	97.871.571	323.636.820
Afskriftir				
Afskrifað 1.1.2023	31.228.368	37.941.728	57.901.518	127.071.615
Afskriftir ársins	2.022.110	7.685.171	3.740.629	13.447.911
Selt og niðurlagt	0 (	828.292) (	374.391) (	1.202.684)
Afskrifað alls 31.12.2023	33.250.479	44.798.607	61.267.756	139.316.842
Afskriftir ársins	2.190.897	8.783.839	4.930.420	15.905.155
Selt og niðurlagt	0 (	810) (	107.826) (	108.636)
Afskrifað alls 31.12.2024	35.441.375	53.581.637	66.090.350	155.113.362
Bókfært verð				
1.1.2023	30.439.252	52.044.382	16.105.719	98.589.353
31.12.2023	33.786.591	82.640.898	26.229.654	142.657.144
31.12.2024	37.070.705	99.671.532	31.781.221	168.523.459
Afskriftahlutföll	0-4%	5-10%	8-20%	

Togarinn Sigurbjörg sem var smíðaður í Tyrklandi var afhentur félaginu í júlí 2024 og var kominn í rekstur á þriðja árfjórðungi 2024.

Félagið er sem leigutaki aðili að leigusamningum vegna lóða. Leigueignir eru færðar sem fasteignir og lóðir og nam bókfært verð þeirra 1.950 þúsund USD í árslok (2023: 1.817 þúsund USD).

Félagið keypti uppsjávarskipið Pathway í apríl 2024, sem er smíðað 2017 í Danmörku og er 78 metra langt og 15,5 metra breitt. Skipið verður afhent félaginu í maí 2025. Félagið hefur greitt vegna kaupanna DKK 37,5 milljónir inn á vörslureikning. Greiðslur vegna kaupanna eru færðar sem fiskiskip og búnaður.

Skýringar

11. Rekstrarfjármunir (framhald)

Vátryggingar og mat eigna

Vátryggingarmat og fasteignamat rekstrarfjármuna félagsins í árslok námu eftirfarandi fjárhæðum:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir	31.259.070	170.575.847	37.070.705
Fiskiskip og búnaður	-	175.623.393	99.671.532

Rekstrarfjármunir félagsins eru veðsettir fyrir vaxtaberandi skuldum, sjá nánar í skýringu 24.

12. Eignarhlutar í dóttur-, hlutdeildarfélögum og félögum í samrekstri

Eignarhlutir í dóttur-, hlutdeildarfélögum og félögum í samrekstri greinast þannig:

Dótturfélög greinast þannig:

	Eignarhlutur	Aðsetur	Bókfært verð	
			2024	2023
Fiskmarkaður Þórshafnar ehf.	100%	Ísland	541.433	498.124
Jörvi fasteignir ehf.	100%	Ísland	1.383.580	1.406.294
Primex ehf.	100%	Ísland	5.794.406	4.762.388
Arctic Seafood Ltd.	100%	England	1.976.579	2.911.813
IVM2 ehf.	100%	Ísland	1.042	0
Ocean Ecofarm ehf.	51%	Ísland	4.686.156	0
			14.383.196	9.578.618

Hlutdeildarfélög og félög í sameiginlegri eigu greinast þannig:

	Eignarhlutur	Aðsetur	Bókfært verð	
			2024	2023
Lundey fjárfestingarfélag ehf.	50%	Ísland	8.153.145	7.182.715
Horney ehf.	50%	Ísland	358.141	0
Ocean Ecofarm ehf.	-	Ísland	0	2.259.195
Iceland Pelagic ehf.	33%	Ísland	1.118.906	1.471.289
Pelagic Greenland A/S	33%	Grænland	0	2.006.846
Austur Holding AS	29%	Noregur	66.944.338	76.178.312
Önnur félög			1.204.213	1.088.063
			77.778.743	90.186.420

Samtals dóttur-, hlutdeildarfélög og félög í sameiginlegri eigu	92.161.939	99.765.039
---	------------	------------

Á árinu var hlutafjárukning í Ocean Ecofarm ehf. og eftir þá hlutafjárukningu telst félagið vera dótturfélag.

Með hliðsjón af mikilvægi upplýsinga fyrir lesanda ársreikningsins gerir félagið ekki samstæðuársreikning enda telur félagið að dótturfélögin hafi óveruleg áhrif á reikningsskilin bæði ein og sér og sem heild.

Félagið fer með sameiginleg yfirráð með meðfjárfestum sínum yfir Lundey fjárfestingarfélagi ehf. og Horney ehf. Eignarhlutirnir eru flokkaðir sem félög í samrekstri (e. joint venture) og eru færð samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Skýringar

12. Eignarhlutar í dóttur-, hlutdeildarfélögum og félögum í samrekstri (framhald)

Ísfélag hf. á 29,3% í Austur Holding AS. Tilgangur Austur Holding er að eiga 55,29% eignarhlut í norska fiskeldisfyrirtækinu Kaldvik AS og fer félagið með meirihluta atkvæða í Kaldvik. Félagið er að fullu fjármagnað með eigin fé. Eignarhluturinn er bókfærður á USD 66 millj. eða ígildi NOK 38 á hlut í Kaldvik og er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Hlutabréf Kaldvik AS eru skráð á Euronext og First North. Markaðsgengi Kaldvik AS var í árslok 2024 NOK 28,6 per hlut. Það er mat stjórnenda að markaðsverð félagsins endurspegli ekki raunvirði félagsins þar sem um er að ræða óskilvirkan markað, lítil velta og framboð á bréfum mjög takmarkað þar sem eignarhald Kaldvik er þröngt. Félagið framkvæmdi virðisrýrnunarpróf vegna vísbendinga um mögulega virðisrýrnun vegna mismunar á bókfærðu verð og verð á markaði í árslok 2024 en mismunurinn nam USD 17 milljónum. Niðurstaða virðisrýrnunarprófsins er að bókfært verð stendur undir virði eignarinnar. Mat stjórnenda Ísfélags er því að ekki sé þörf á að færa virðisrýrnun vegna eignarhlutans. Virðisrýrnunarprófið byggir á væntu núvirtu sjóðstreymi Kaldvik AS. Helstu forsendur virðisrýrnunarprófsins eru áætlanir um rekstur Kaldvikur, vegin ávöxtunarkrafa 9,66% og framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar 2,5%.

Breyting eignarhluta í dóttur-, hlutdeildarfélögum og félögum í samrekstri greinist þannig:

	2024	2023
Staða 1.1.	99.765.039	12.350.646
Keypt á árinu	3.182.027	74.301.476
Yfirtekið við samruna	0	7.418.286
Hlutdeild í afkomu	(4.427.072)	1.512.701
Móttekinn arður	(2.085.675)	(844.579)
Þýðingarmunur	(4.350.450)	2.658.306
Endurflokkað	78.071	2.368.203
Staða 31.12.	92.161.939	99.765.039

13. Fjárfestingar á gangvirði

Félagið færir eignarhluta í öðrum félögum á gangvirði um rekstrarreikning. Afleiðusamningar skiptast í skammtíma- og langtímahluta á eigna- eða skuldahlíð efnahagsreiknings eftir stöðu þeirra og eftirstæðum líftíma á reikningsskiladegi. Hlutbréfaafleiða er færð meðal skammtímaskulda.

Fjárfestingar á stigi 1 eru hlutabréf í skráðum félögum sem eru færð miðað við skráð markaðsvirði á reikningsskiladegi. Fjárfestingar á stigi 2 eru afleiðusamningar þar sem gangvirði er metið með hliðsjón af verði frá miðlara. Fjárfestingar á stigi 3 eru hlutabréf í óskráðum félögum og sem færð eru miðað við síðustu þekktu viðskipti með bréf í viðkomandi félagi, innra virði eða á kostnaðarverði ef aðrar áreiðanlegar upplýsingar liggja ekki fyrir.

	2024		2023	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Stig 1	8.275.711	0	9.322.004	0
Stig 2	79.849	4.833.530	72.342	4.092.409
Stig 3	5.074.089	0	2.222.864	0
Samtals	13.429.649	4.833.530	11.617.210	4.092.409

Flokkun fjárfestinga á gangvirði í efnahagsreikningi:

	2024	2023
Fjárfestingar á gangvirði	13.429.649	11.617.210
Aðrar skammtímaskuldir	(4.833.530)	(4.092.409)

Skýringar

13. Fjárfestingar á gangvirði (framhald)

Breyting fjárfestinga á gangvirði á stigi 3 greinist þannig:

	2024	2023
Staða 1.1.	2.222.864	1.304.540
Yfirtekið við samruna	0	789.106
Keypt á árinu	3.432.176	2.494.424
Endurflokkað á hlutdeildarfélög	0 (	2.368.203)
Selt á árinu	(741.764)	0
Gangvirðisbreytingar	160.812	2.997
Staða 31.12.	5.074.089	2.222.864

14. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	2024	2023
Afurðabirgðir	27.929.034	50.772.486
Veiðarfæra- og rekstrarvörubirgðir	10.429.204	10.542.716
Birgðir samtals	38.358.237	61.315.202

Birgðir félagsins eru ekki veðsettar.

15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	2024	2023
Nafnverð viðskiptakrafna	15.396.880	23.985.396
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(221.847)	(221.847)
	15.175.033	23.763.549

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Virðisaukaskattur	2.132.580	2.311.175
Fyrirframgreiddur kostnaður	616.091	590.652
Fjármagnstekjuskattur	448.448	343.983
Aðrar kröfur	0	3.442.439
	3.197.119	6.688.248

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	18.372.152	30.451.798
---	------------	------------

Sjá skýringu 23 um fjárhagslega áhættu í tengslum við umfjöllun um vænt útlánatap viðskiptakrafna.

16. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum

Bankainnstæður greinast þannig:	2024	2023
Bankainnstæður í USD	8.634.980	5.476.438
Bankainnstæður í ISK	6.682.114	25.952.196
Bankainnstæður í öðrum myntum	20.827.058	12.634.070
	36.144.151	44.062.704

Skýringar

17. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 818.612.313 í árslok 2024. Útistandandi hlutir í árslok eru kr. 817.840.422 og eru þeir allir greiddir (árslok 2023: kr. 818.340.422). Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í móðurfélaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

	2024	2023
Útistandandi hlutir 1.1.	818.340.422	531.355.290
Útgefið vegna samruna	0	243.215.104
Seld eigin bréf við skráningu	0	43.770.028
Keypt eigin bréf	(500.000)	0
Útistandandi hlutir 31.12.	817.840.422	818.340.422

Arður

Á aðalfundi félags 17. apríl 2024 var samþykkt að greiða hluthöfum arð á árinu 2024 að fjárhæð 2.100 millj. ISK eða 2,568 ISK á hlut (2023: 15 millj. USD eða 0,019 USD á hlut). Arðurinn var greiddur hluthöfum 30. apríl 2024.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði. Í árslok var hlutfall varasjóðs af hlutfé 25%.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur er gengismunur sem er tilkominn vegna þess að dóttur- og hlutdeildarfélag Ísfélags hf. eru með aðra starfrækslummynt en móðurfélagið.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Bundinn hlutdeildarreikningur samanstendur af hlutdeildartekjum af dóttur- og hlutdeildarfélagum umfram mótteknar arðgreiðslur í samræmi við 5. mgr. 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Óráðstafað eigið fé og arður

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður óbundinn hagnaður félagsins að frádregnum útborguðum arði. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði út arður af fjárhæð ISK 2.100 millj. vegna rekstrarársins 2024, sem samsvarar ISK 2,568 á hlut

18. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við starfsmenn og ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutfé.

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut

	2024	2023
Hagnaður ársins	16.118.402	38.648.772

Vegið meðaltal hlutabréfa

Útistandandi hlutfé í upphafi árs	818.340.422	531.355.290
Áhrif breytinga á hlutfé	(393.151)	137.866.372
Vegið meðaltal útistandandi hluta	817.947.271	669.221.662
Hagnaður á útistandandi hlut (USD per hlut)	0,020	0,058

Skýringar

19. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:

	2024	2023
Skuldir í USD	66.425.000	71.941.667
Skuldir í JPY	9.195.580	11.005.315
Skuldir í EUR	49.312.274	57.798.483
Leiguskuldbindingar í ISK	1.949.383	1.819.213
Vaxtaberandi skuldir samtals	126.882.237	142.564.678
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	(14.816.268)	(17.888.533)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	112.065.968	124.676.145

Skip félagsins félagsins eru veðsett fyrir langtímaskuldum.

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

	2024	2023
Afborganir 2024	0	17.888.533
Afborganir 2025	14.816.268	9.372.723
Afborganir 2026	30.866.926	31.719.653
Afborganir 2027	79.407.006	81.960.026
Afborganir síðar	1.792.037	1.623.743
	126.882.237	142.564.678

Vegnir meðalvextir vaxtaberandi skulda	6,48%	5,56%
--	-------	-------

Sem hluti af lánasamningum eru ákvæði um fjárhagslegar kvaðir sem félagið þarf að uppfylla, að öðrum kosti er lánveitandum heimilt að gjaldfella viðkomandi lán. Á reikningsskiladegi uppfyllir félagið allar fjárhagslegar kvaðir í samræmi við lánasamninga. Á árinu hefur félagið greitt aukalega inn á lán USD 0,4 milljónir.

Í janúar 2025 var félagið endurfjármagnað með sambankaláni að fjárhæð EUR 220 milljónir. Fjármögnunin er til fimm ára og skiptist í tvo hluta, annars vegar í EUR 150 milljóna afborgunarlán með 25 ára afborgunarferli og hins vegar jafngildi EUR 70 milljóna fjölmynta ádráttarlán. Afborgunarlutinn var nýttur til að endurfjármagna öll vaxtaberandi lán félagsins og ádráttarlutanum er ætlað að tryggja lánsfjármögnun í framtíðinni. Lánveitendur eru Coöperatieve Rabobank U.A., DNB Bank ASA, Nordea Bank ABP, Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf.

Breyting á vaxtaberandi skuldum og leiguskuldum greinist þannig:

	2024			2023		
	Vaxtab. skuldir	Leigu- skuldir	Samtals	Vaxtab. skuldir	Leigu- skuldir	Samtals
Staða 1.1.	140.745.465	1.819.213	142.564.678	51.348.096	1.103.072	52.451.168
Tekin vaxtab. lán	0	0	0	67.012.098	0	67.012.098
Nýir leigusamningar	0	0	0	0	324.647	324.647
Afborganir	(12.028.436)	(52.448)	(12.080.884)	(8.298.863)	(48.868)	(8.347.731)
Gengism. og verðb.	(3.784.175)	182.618	(3.601.557)	425.635	287.458	713.093
Yfirtekið í samruna	0	0	0	30.258.499	152.904	30.411.403
Staða 31.12.	124.932.854	1.949.383	126.882.237	140.745.465	1.819.213	142.564.678

Skýringar

20. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	2024	2023
Tekjuskattsskuldbinding 1.1.	76.617.001	31.742.315
Yfirtekið við samruna	0	47.782.701
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	5.565.546	9.709.557
Tekjuskattur til greiðslu	(5.739.764) (	14.035.549)
Áhrif samruna á tekjuskatt til greiðslu	0	1.500.754
Aðrir liðir	112.644 (	82.776)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	76.555.427	76.617.001

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á liði reikningsskilanna:

	2024	2023
Rekstrarfjármunir	15.541.456	15.823.060
Óefnislegar eignir	61.258.341	60.778.259
Aðrir liðir	(244.370)	15.682
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	76.555.427	76.617.001

Á árinu 2024 hækkaði tekjuskattshlutfall félagsins tímabundið í 21%, en lækkar á árinu 2025 í 20%.

21. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2024	2023
Viðskiptaskuldir	8.248.861	8.597.097
Afleiðusamningur	4.833.530	4.092.409
Ógreiddir launaliðir	4.461.712	3.059.706
Áfallnir vextir	612.173	1.259.347
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	18.156.276	17.008.559

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila félagsins eru hluthafar með veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og aðilar tengdir þeim sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. dóttur-, hlutdeildarfélög og samrekstur (skýring 12). Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Á meðal krafna eru skuldabréfalán til annarra tengdra aðila að fjárhæð 6.044 þúsund USD (árslok 2023: 8.484 þúsund USD). Vaxtatekjur eru vegna þeirra lána. Aðrar kröfur og skuldir er vegna viðskipta milli félagsins og tengdra aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2024:

	Keyptar vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Vaxtatekjur	Kröfur	Skuldir
Dóttur- og hlutdeildarfélög	1.228.734	99.408.428	256.020	11.006.743	314.393
Aðrir	61.530	4.154	238.719	191.139	10.453
Samtals	1.290.264	99.412.582	494.739	11.197.882	324.847

Viðskipti við tengd félög árið 2023:

	Keyptar vörur og þjónusta	Seldar vörur og þjónusta	Vaxtatekjur	Kröfur	Skuldir
Dóttur- og hlutdeildarfélög	2.533.159	78.928.311	248.693	15.881.666	352.716
Aðrir	328.720	550.878	137.026	213.171	30.786
Samtals	2.861.880	79.479.190	385.719	16.094.837	383.503

Skýringar

22. Tengdir aðilar (framhald)

	2024		2023	
	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð
Einar Sigurðsson, stjórnarformaður	240.873	32.518	226.001	30.510
Guðbjörg Matthíasdóttir, stjórnarmaður	21.750	0	32.613	0
Gunnar Sigvaldason, stjórnarmaður	21.750	0	10.871	0
Steinunn H. Marteinsdóttir, stjórnarmaður	21.750	2.501	10.871	1.250
Sigríður Vala Halldórsdóttir, stjórnarmaður	15.298	1.759	0	0
Gunnlaugur S. Gunnlaugsson, fv. stjórnarform.	14.500	1.668	65.227	7.501
Sigurbjörn Magnússon, fv. stjórnarmaður	0	0	21.742	2.500
Stefán B. Friðriksson, forstjóri	346.916	43.627	348.671	43.611
Aðrir lykilstjórnendur	703.842	90.029	457.716	59.125
	1.386.680	172.102	1.173.712	144.498

Aðrir lykilstjórnendur eru Ólafur H. Marteinson, aðstoðarforstjóri, Unnar M. Pétursson, fjármálastjóri og Örvar G. Arnarson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar.

Launaupplýsingar í töflu hér að ofan eru umreiknaðar yfir í USD úr ISK á meðalgengi hvors árs um sig, sem er 137,93 fyrir árið 2024 og 137,98 fyrir árið 2023.

Einar Sigurðsson á 22,12% í Fram ehf. og Guðbjörg Matthíasdóttir á 11,29% í Fram ehf. Fram ehf. á ÍV fjárfestingafélag ehf. 100%. ÍV fjárfestingafélag ehf. á 402.201.538 hluti í félaginu eða 49,13%. Guðbjörg Matthíasdóttir á 43.623 hluti í félaginu eða 0,01%. Einar Sigurðsson á 33,33% hlut í MKE ehf. sem á 2.111.493 hluti í félaginu eða 0,26%. Gunnar Sigvaldason á 51.827.700 hluti í félaginu eða 6,33%. Stefán B. Friðriksson á 74.074 hluti í félaginu eða 0,01%, jafnframt á hann 50% hlut í Guddunefi ehf. sem á 1.080.000 hluti í félaginu eða 0,13%. Ólafur H. Marteinson á 26,11% hlut í Marteini Haraldssyni ehf. sem á 93.494.071 hlut í félaginu eða 11,42%. Unnar M. Pétursson á 100% hlut í Karlsbergi ehf. sem á 6.575.074 hluti í félaginu eða 0,80%. Örvar G. Arnarson á 3.703 hluti í félaginu, jafnframt á hann 100% hlut í L21 ehf. sem á 540.000 hluti í félaginu eða 0,07%. Sigríður Vala Halldórsdóttir á 3.800 hluti í félaginu.

23. Fjárhagsleg áhætta

Félagið stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hluthafa með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár.

Stjórnendur félagsins fylgjast með og greina fjárhagslega áhættu í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerna.

- Markaðsáhætta
- Útlánaáhætta
- Lausafjárahætta
- Rekstraráhætta

Hér á eftir eru veittar upplýsingar um ofangreinda áhættuþætti ásamt stefnu, markmiðum og aðferð félagsins til að lágmarka og stýra áhættunni.

Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir félagsins eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og áhrif slíkra breytinga á afkomu félagsins. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum félagsins er í erlendum gjaldmiðli, og ber félagið áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart bandaríkjadollar (USD). Félagið reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjáreigna og fjárskulda í helstu viðskiptamyntum. Í árslok voru engir gjaldmiðlaskiptasamningar útistandandi.

Skýringar

23. Fjárhagsleg áhætta (framhald)

Hér að neðan eru tekjur félagsins á árinu eftir gjaldmiðlum:

	2024	Hlutfall 2024	2023	Hlutfall 2023
USD	58.397.513	34,1%	68.686.683	35,4%
EUR	42.986.510	25,1%	44.028.130	22,7%
GBP	35.126.217	20,5%	23.778.738	12,3%
NOK	21.923.860	12,8%	43.372.297	22,4%
ISK	10.334.863	6,0%	10.114.118	5,2%
Aðrir gjaldmiðlar	2.326.773	1,4%	4.036.404	2,1%
	171.095.735		194.016.369	

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á afkomu félagsins. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi ársins.

2024	Meðaltals-gengi ársins	Gengi árslok	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	1,0825	1,0412	5.148.374	(871.659)	4.276.715
ISK	0,0073	0,0072	8.189.517	(16.407.300)	(8.217.784)
JPY	0,0066	0,0064	0	(11.349)	(11.349)
NOK	0,0931	0,0884	4.923.541	(4.915.757)	7.783
Aðrar myntir			4.812.530	(363)	4.812.167
			23.073.962	(22.206.429)	867.533

2023	Meðaltals-gengi ársins	Gengi árslok	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	1,0809	1,1050	8.403.940	(2.661.804)	5.742.136
ISK	0,0072	0,0073	9.509.286	(21.812.918)	(12.303.632)
JPY	0,0071	0,0071	1.962.812	(13.252)	1.949.560
NOK	0,0947	0,0983	6.337.230	(4.439.245)	1.897.985
Aðrar myntir			8.407.137	(122.095)	8.285.042
			34.620.406	(29.049.315)	5.571.091

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi starfrækslugjaldmiðils félagsins gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Greiningin tekur tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendra mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi viðkomandi starfrækslugjaldmiðils gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Skýringar

23. Fjárhagsleg áhætta (framhald)

Áhrif á afkomu og eigið fé:	2024		2023	
	5%	10%	5%	10%
EUR	168.930	337.861	229.685	459.371
ISK	(324.602)	(649.205)	(492.145)	(984.291)
JPY	(448)	(897)	77.982	155.965
NOK	307	615	75.919	151.839
Aðrar myntir	190.081	380.161	331.402	662.803
	34.268	68.535	222.844	445.687

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðstreymi fjármálagerna muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem að hluti fjáreigna og fjárskulda félagsins ber breytilega vexti. Áhættunni eru stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun og vaxtaskiptasamningum.

Allar vaxtaberandi skuldir félagsins bera breytilega vexti. Bankainnstæður og hluti af skuldabréfaeign bera breytilega vexti.

Fjáreignir/ fjárskuldir með breytilega vexti

	2024	2023
Langtímakröfur	5.876.738	12.071.521
Handbært fé	36.144.151	44.062.704
Vaxtaberandi skuldir	(126.882.237)	(142.564.678)
Skuldbinding í afleiðum	11.610.395	(11.977.658)
Afleiðueign	8.954.369	10.530.326
Hrein staða	(64.296.583)	(87.877.785)

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé með skattaáhrifum.

Áhrif á afkomu og eigið fé	2024		2023	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
	(253.972)	(507.943)	(351.511)	(703.022)

Gangvirði

Félagið færir eignarhluta í öðrum félögum og framvirka samninga um kaup á hlutabréf á gangvirði um rekstrarreikning. Vaxtaskiptasamningar eru færðir að hluta sem áhættuvarnir á meðal annarrar heildarafkomu sem og að hluta á gangvirði um rekstur. Upplýsingar um gangvirðismat eigna og afleiðusamninga á gangvirði er að finna í skýringu 13.

Félagið hefur gert samninga um framvirk kaup á hlutabréfum í félögum. Áhrif samninganna eru færð meðal gangvirðisbreytinga afleiðna í rekstrarreikning. Heildarskuldbinding í samningunum eru NOK 131,4 millj. í árslok 2024.

Skýringar

23. Fjárhagsleg áhætta (framhald)

Útlánaáhætta

Í útlánaáhhættu felst áhættan á að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Stjórnendur fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhhættu og hafa sett útlánaæglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti nýrra viðskiptavina og fara fram á greiðslufallstryggingu til að lágmarka lánsáhhættu. Þær útlánaæglur eru yfirfarnar reglulega til að endurspegla breyttar aðstæður mótaðila.

Hámarksútlánaáhhætta er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	2024	2023
Langtímakröfur	13.101.763	14.949.943
Viðskiptakröfur	15.396.880	23.985.396
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna)	2.581.028	6.097.597
Handbært fé	36.144.151	44.062.704
	67.223.822	89.095.640

Niðurfærsla vegna langtímakrafna er metin sérstaklega fyrir hvern aðila, enda góð þekking og aðgengi að upplýsingum um fjárhagslega stöðu viðkomandi aðila. Niðurfærslan er 225 þúsund USD í árslok 2024 (2023: 0 USD).

Um 87% (2023: 68%) af viðskiptakröfum félagsins eru vegna sölu á sjávarafurðum til 10 stærstu viðskiptavinanna. Í ljósi þess að langstærstur hluti viðskiptakrafna er á fáa aðila, meta stjórnendur niðurfærslu sérstaklega fyrir hvern viðskiptamann. Niðurfærsla viðskiptakrafna nam 222 þúsund USD í árslok 2024 (2023: 222 þúsund USD).

Ekki er færð niðurfærsla vegna útlánaáhhættu tengdri handbæru fé þar sem um er að ræða bankainnstæður hjá traustum fjármálastofnunum þar sem útlánaáhhætta er talin óveruleg. Þá er ekki færð niðurfærsla vegna annarra skammtímakrafna þar sem útlánaáhhætta er talin takmörkuð.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Stjórnendur fylgjast með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að tryggja að félagið geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á félagið.

Handbært fé félagsins nam 36,1 milljón USD í árslok 2024 (2023: 44,1 milljón USD) og veltufjárhlutfall félagsins var 2,46 í árslok 2024 (2023: 2,88).

Samningsbundnar afborganir af fjárskuldum að meðtöldum áætluðum vaxtagreiðslum eru eftirfarandi:

Skuldir 2024	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár
Vaxtaberandi skuldir .	124.932.854	140.365.157	22.230.529	36.570.524	81.564.105	-
Leiguskuldir	1.949.383	3.379.429	141.122	141.122	423.367	2.673.818
Viðs. og aðrar skt.sk .	18.156.276	18.156.276	18.156.276	-	-	-
	145.038.513	161.900.863	40.527.927	36.711.646	81.987.472	2.673.818

Skýringar

23. Fjárhagsleg áhætta (framhald)

Skuldir 2023	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár
Vaxtaberandi skuldir .	140.745.465	161.730.916	25.338.796	15.660.001	120.732.119	0
Leiguskuldir	1.819.213	3.165.994	129.813	129.813	389.439	2.516.929
Viðs. og aðrar skt.sk .	17.008.559	17.008.559	17.008.559	-	-	-
	159.573.237	181.905.469	42.477.168	15.789.814	121.121.558	2.516.929

Rekstraráhætta

Félagið getur orðið fyrir beinu eða óbeinu tapi vegna ýmissa þátta í starfsemi félagsins vegna rekstraráhættu.

Félaginu ber að hlíta lögum og reglugerðum varðandi fiskveiðistjórnunarkerfið, veiðigjöld, skatta og tolla og geta ákvarðanir stjórnvalda í þessum efnum hverju sinni, s.s. vegna náttúrubreytinga eða lagabreytinga haft neikvæð áhrif á rekstur, afkomu og efnahag félagsins.

Loftslagsbreytingar geta raskað vistkerfi sjávar og haft áhrif á útbreiðslu, heimasvæði og samsetningu fisktegunda á Íslandsmiðum. Slíkar breytingar geta haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins.

Félagið leitast eftir að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tap og til að vernda orðspor þess. Til þess að lágmarka og draga úr rekstraráhættu þá leggur félagið áherslu á skilvirka stýringu á veiðum og vinnslu afla, þjálfun og upplýsingagjöf til starfsmanna, eftirliti með viðskiptum og breytingum í laga- og reglugerðarumhverfi félagsins auk þess að áhersla er lögð á fylgni við lög og reglur og verkferla.

24. Ábyrgðir og veðsetningar

Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess. Félagið hefur lagt að veði skip og aflaheimildir með bókfært virði að andvirði 498 millj. USD.

Skýringar

25. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með sambærilegum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum og samrekstri

Dótturfélög eru þau félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð yfir. Yfirráð eru til staðar þegar fyrirtækið hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Tekið er tillit til afkomu og efnahags dótturfélaga og eru þau færð samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Til hlutdeildarféлага teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu, án þess að teljast hafa yfirráð. Félag í sameiginlegri eigu (e. joint venture) er tegund af samrekstri þar sem eigendur sem fara með sameiginleg yfirráð og njóta réttinda af hreinum eignum starfseminnar. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og samrekstri sem flokkast sem félög í sameiginlegri eigu eru færðar samkvæmt hlutdeildaraðferð.

Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýmnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarféлага og féлага í sameiginlegri eigu umfram fjárfestingu er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum myntum en USD eru umreiknuð yfir í USD á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendra mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar í árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða. Gengismunur af erlendum gjaldmiðlum er færður nettó í rekstrarreikningi.

Eignir og skuldir dótturfélaga sem gera upp í öðrum gjaldmiðli en bandaríkjadollar eru umreiknaðar yfir í bandaríkjadollar á uppgjörsteggi. Tekjur og gjöld vegna slíkra féлага eru umreiknuð á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við slíkan umreikning yfir í bandaríkjadollar er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu, þýðingarmun. Þegar dótturfélög sem gera upp í annarri mynt en bandaríkjadollar eru seld, að hluta eða öllu leyti, er þýðingarmunur sem áður hefur verið færður í yfirliti um heildarafkomu færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru skráðar miðað við þá þóknun sem félagið væntir að eiga rétt á vegna viðskiptanna. Félagið skráir tekjur þegar að yfirráð vörunnar hafa færst til viðskiptavinar.

Sala sjávarafurða

Félagið selur fyrst og fremst frosnar sjávarafurðir og mjöl og lýsi á erlenda markaði. Tekjuskráning félagsins endurspeglar það gagngjald sem félagið væntir að fá vegna sölu á vöru og þjónustu til viðskiptavinar. Afurðirnar eru ýmist unnar og seldar beint til kaupanda eða seldar í gegnum umboðssölu. Sala er skráð þegar félagið hefur uppfyllt samningsskyldur sínar, sem er almennt við afhendingu vöru til kaupanda eða flutningsaðila. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Vörusala félagsins er almennt seld gegn gjaldfresti og krafa færð upp við afhendingu vöru. Gjaldfrestur er breytilegur eftir kaupendum og afurðaflokkum, en er að meðaltali 33 dagar á árinu 2024 (2023: 45 dagar). Félagið færir ekki upp skuldbindingu vegna vöruskila þar sem slíkar upphæðir hafa sögulega verið óverulegar.

Skýringar

25. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, hagnaði af fjármálagerningum, hreinum gengishagnaði og arðstekjum og eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármuna þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arður er greiddur.

Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af fjárskuldum, tapi af fjármálagerningum og virðisrýmun fjáreigna. Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall 2024 er 21%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundins mismunar sem verður til við upphaflega skráningu.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er færður í rekstrarreikning við sölu.

Skýringar

25. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir samanstanda af varanlegum fiskveiðiheimildum sem eru ekki afskrifaðar.

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega.

Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið til að unnt sé að ákvarða upphæð virðisrýrnunar (ef einhver er).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði aflaheimilda er notast við hreint söluvirði. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun sjóðskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð eða afskrifað kostnaðarverð sé um eign með takmarkaðan líftíma að ræða. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði. Birgðir af rekstrarvörum og veiðarfærum eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu, ef við á.

Fjármálagerningar

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar þegar samningsbundin réttur eða skylda til greiðslu myndast hjá félaginu.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu. Viðskiptakostnaður sem rekja má beint til kaupa eða útgáfu fjáreigna eða fjárskulda sem ekki eru færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er bætt við eða dreginn frá gangvirði við upphaflega skráningu eftir því sem við á. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna eða fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er færður strax í rekstrarreikning.

Skýringar

25. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjáreignir

Til fjáreigna teljast fjárfestingar í skuldabréfum og hlutabréfum, handbært fé, viðskiptakröfur og aðrar kröfur.

Fjáreignum er skipt í þrjá flokka; fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði, fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eða fjáreignir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Flokkun þeirra fer eftir eðli og viðskiptalíkani félagsins fyrir viðkomandi fjáreignir.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign sem er skuldagerningur og áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir félagsins sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru kröfur á tengda aðila (þ.m.t. skuldabréfaeign), viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Eignarhlutar í öðrum félögum þar sem félagið hefur ekki yfirráð eða veruleg áhrif eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir á gangvirði um aðra heildarafkomu

Félagið á engar fjáreignir sem falla í þennan flokk.

Virkir vextir

Vaxtatekjur af fjáreignum öðrum en þeim sem metnar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar miðað við virka vexti nema fyrir skammtímakröfur þegar áhrif afvöxtunar eru óveruleg.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar við upphaflega skráningu.

Virðisrýrnun fjáreigna

Fjáreignir félagsins sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkans IFRS 9 eru kröfur á tengda aðila, viðskiptakröfur og handbært fé. Félagið beitir sértæku mati á virðisrýrnun krafna, sjá nánar í skýringu 23 undir liðnum útlánaáhætta.

Félagið metur vænt útlánatap sérstaklega fyrir hvern viðskiptamann, og á hverjum reikningsskiladegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Félagið færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikningi eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram. Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

Afskráning fjáreigna

Félagið afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flyst yfir á annars aðila.

Skýringar

25. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

Eiginfjárgerningur er hvers konar samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum félags eftir að allar skuldir hans hafa verið dregnar frá. Eiginfjárgerningar útgefnir af félaginu eru skráðir á kostnaðarverði að frádregnum beinum kostnaði við útgáfu þeirra.

Kaup á eigin hlutum eru færð til lækkunar á heildarhlutafé. Enginn hagnaður eða tap eru færð í rekstrarreikning vegna kaupa, sölu eða útgáfu á eigin hlutum.

Fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar eru færð í rekstrarreikning.

Afleiðusamningar

Afleiðusamningur er fjármálagerningur eða annar samningur þar sem verðmæti breytist til samræmis við breytingar á undirliggjandi breytum, svo sem vöxtum. Afleiður eru færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, nema í þeim tilfellum sem þær eru skilgreindar sem virk áhættuvörn í áhættuvarnarreikningsskilum en í þeim tilfellum eru gangvirðisbreytingar vegna opinna samninga færðar um eigið fé. Félagið hefur gert vaxtaskiptasamninga og framvirka samninga sem flokkast sem afleiður. Gangvirðisbreyting afleiðusamninga er færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok eftir því sem við á. Vextir færast í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður er eignfærður er hann fellur til og gjaldfærður á lánstíma með aðferð virkra vaxta.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skýringar

25. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

Leigusamningar

Við upphaflega skráningu metur félagið hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Félagið skráir nýtingarrétt til eignar (leigueign) og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að fráðregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Félagið endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Leigueign er afskrifuð á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða hinnar leigðu eignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð leigueignar felur í sér kauprétt á hinu leigða, þá er leigueign afskrifuð á líftíma hins leigða. Leigueign er afskrifuð frá upphafsdegi leigusamnings.

Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti eignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Félagið nýtir sér heimild IFRS 16 til þess að skilja ekki samningsbundnar greiðslur vegna þjónustubáttar (eða aðrar greiðslur sem ekki teljast til leigu) frá leigugreiðslum við mat á leiguskuldbindingu og nýtingarrétti.

Starfspáttayfirlit

Félagið greinir tvo starfspætti samanber skýringu 3. Rekstrarafkoma hvers starfspáttar samanstendur af rekstrarliðum sem tengja má beint við viðkomandi starfspátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfspátta með rökrænum hætti. Óskiptir liðir samstanda fyrst og fremst af tekjum af fjáreignum og kostnaði af fjárskuldum félagsins. Félagið skiptir ekki upp eignum og skuldum eftir starfspáttum.

Breytingar á reikningsskilastöðlum

Nokkrar breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum gilda um fjárhagsár sem hefjast eftir 1. janúar 2024 og er heimilt er að beita fyrir gildistöku þeirra. Félagið hefur hins vegar ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila. Áhrif þessara breytinga eru áætluð óveruleg á reikningsskil félagsins, utan IFRS 18 sem fjallar um framsetningu og upplýsingagjöf í reikningsskilum, sem mun breyta framsetningu reikningsskilanna. Áhrif staðalsins hafa ekki verið metin.

Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

Stjórn og stjórnarhættir

Meginmarkmið stjórnarháttayfirlýsingar Ísfélags hf. ("félagið") er að skýra með gagnsæjum hætti hlutverk og ábyrgð stjórnenda þess til að auðvelda þeim að rækja störf sín og um leið að treysta hag hluthafa og annarra hagaðila.

Stjórnarhættir félagsins taka fyrst og fremst mið af lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, gefnum út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Félagið telur sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti í öllum megindráttum með eftirtöldum undantekningum:

1. Félagið hefur ekki skipað tilnefninganefnd þar sem stjórn félagsins hefur ekki talið næg rök vera fyrir hendi.
2. Félagið víkur frá reglu um að minnsta kosti tveir þeirra stjórnarmanna sem óháðir eru félaginu og daglegum stjórnendum þess, skuli jafnframt vera óháðir stórum hluthöfum félagsins.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar, starfsreglur endurskoðunarnefndar og starfsreglur starfskjaranefndar er að finna á heimasíðu félagsins, www.isfelag.is. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu 2021 er að finna á heimasíðu Viðskiptaráðs, www.vi.is.

Fyrirtækið

Ísfélag hf. var stofnað árið 1901 og er elsta starfandi hlutafélag landsins.

Ísfélag hf. er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og stundar veiðar og vinnslu á uppsjávarfiski, bolfiski og rækju. Félagið er einn stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi. Hjá félaginu voru á árinu 2024 að meðaltali 356 stöðugildi í landi og á sjó. Árið 2023 voru stöðugildi 335 og á árinu 2022 voru þau 228. Ísfélag hf. gerir út níu fiskiskip og er með starfsemi í Vestmannaeyjum, Þórshöfn og Siglufirði, auk þess að eiga hlutdeildarfélag á Grænlandi sem stundar veiðar á uppsjávarfiski. Á liðnu ári lokaði félagið fiskvinnslu félagsins í Þorlákshöfn.

Ísfélag hf. einsetur sér að vera fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti og vinna í sátt við umhverfi og samfélag. Félagið stundar veiðar úr nytjastofnum á Íslandsmiðum og nokkrum tilteknum deilistofnum og vill hámarka nýtingu þeirra til lengri tíma. Félagið kappkostar að umgangast lífríki sjávar með sjálfbærum hætti.

Ísfélag hf. selur afurðir sínar til ýmissa sölufyrirtækja og framleiðenda. Mjöl- og lýsisafurðir eru að langmestu leyti seldar beint til fódurframleiðenda. Bolfisk- og uppsjávarafurðir eru seldar til ýmissa aðila sem vinna afurðir úr vörunni eða áframselja hana.

Ísfélag hf. á þriðjungshlut í Iceland Pelagic ehf., sem selur aðallega uppsjávarafurðir, og fjórðungshlut í StorMar ehf., sem selur aðallega bolfiskafurðir. Dótturfélag Ísfélags hf., Arctic Seafood Ltd., sér um sölu á sjófrystum afurðum félagsins á Bretlandsmarkaði. Öll viðskipti við söluaðila, þar með talin þessi tengdu fyrirtæki, eru gerð á eðlilegum viðskiptakjörum og uppfylla kröfur um armslengdarviðskipti.

Ísfélag hf. starfar eftir lögum og reglum sem lúta að rekstri fiskiskipa, nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar og matvælaframleiðslu, auk þess sem framleiðsla félagsins er vottuð af alþjóðlegum vottunaraðilum.

Starfsemin lýtur opinberu eftirliti stofnana sem framfylgja lögum og reglum. Lögð er áhersla á að farið sé að lögum og reglum í starfsemi félagsins. Það er gert með skilvirkum verkferlum og góðu samstarfi við eftirlitsaðila. Starfsemi félagsins lýtur auk þess ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar og útgerð skipa þess háðar leyfum opinberra aðila.

Innra eftirlit og áhættustýring

Daglegur rekstur er í höndum stjórnenda Ísfélags hf. þar sem leitast er við að hafa verkferla og eftirlit með áhættuþáttum rekstrar. Áætlanagerð og uppgjör gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti með rekstri og er farið reglulega yfir rekstur einstakra deilda með stjórn félagsins.

Regluvörður, skipaður af stjórn, hefur umsjón með að reglum um innherjaupplýsingar og viðskipti innherja sé fylgt. Núverandi regluvörður félagsins er Sigurbjörn Magnússon, lögmaður, og staðgengill regluvarðar er Guðmundur Jóhann Árnason, verkefnastjóri.

Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

Innra eftirlit og áhættustýring (framhald)

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS, sbr. 90. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og er settur fram í Bandaríkjadollurum (USD).

Stærstu áhættuþættir í rekstri eru tengdir úthlutun aflaheimilda, aflabrögðum, sölu, verðmæti afurða og verðþróun á helstu afurðum. Starfsemin er vertíðabundin þar sem oft er framleitt mikið magn á stuttum tíma og getur þá orðið mikill tímamunur á því hvenær lagt er út fyrir kostnaði og hvenær tekjur skila sér.

Forstjóri og fjármálastjóri hafa heimild til að gera framvirka samninga til takmörkunar á gengis- og vaxtaáhættu félagsins.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýring félagsins eru yfirfarin af stjórn einu sinni á starfsári. Ísfélag hf. hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum félagsins.

Ábyrg framleiðsla

Ísfélag hf. einsetur sér að vera fyrirmynd um ábyrga viðskiptahætti og vinna í sátt við umhverfi og samfélag á hverjum stað. Félagið kappkostar að umgangast lífríki hafsins af virðingu og nýta sjávarauðlindina með sjálfbærum hætti. Lögð er áhersla á að fylgja ráðgjöf vísindamanna, þar sem stuðst er við bestu vitneskju hverju sinni, til að sjálfbærni fiskistofna til framtíðar sé tryggð og komandi kynslóðir fái notið góðs af. Félagið leggur ríka áherslu á að bæði veiðar og vinnsla uppfylli allar þær gæðakröfur sem lög og reglur gera ráð fyrir. Ísfélag hf. framleiðir sínar afurðir eftir viðurkenndum stöðlum sem tryggja eiga m.a. sjálfbærni, rekjanleika og heilnæmi afurðanna. Félagið er með vottuð gæðastjórnunarkerfi sem styðja við þessi markmið. Þau eru MSC vottun (Certified Sustainable Seafood), BRC gæðakerfi, IRFM vottaðar veiðar, FEMAS (Feed Material Assurance Scheme), HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points). Einnig er félagið með vottun um lífræna framleiðslu frá Vottunarstofunni TUN. Allar þessar vottanir eru teknar út reglulega af þar til bærum aðilum.

Hluthafar, stjórn, undirnefndir stjórnar og framkvæmdastjórn

Stjórn Ísfélags hf. skipa fimm stjórnarmenn en heimilt er að hafa sjö stjórnarmenn og eru þeir kosnir á aðalfundi af hluthöfum félagsins. Við kosningu stjórnar skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi, afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, en falli atkvæði jafnt, ræður atkvæði formanns. Stjórn á samskipti við hluthafa í samræmi við ákvæði laga, samþykktir félagsins og starfsreglur. Hluthafafundir eru haldnir að minnsta kosti einu sinni á ári eða oftar ef þurfa þykir. Um hlutverk og skyldur stjórnar fer samkvæmt samþykktum félagsins.

Stjórn Ísfélags hf. fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Henni ber að stuðla að viðgangi félagsins og hafa eftirlit með daglegum rekstri þess. Stjórn ber ábyrgð á stefnumótun félagsins og leggur mat á það hvernig henni er hrint í framkvæmd. Stjórnin hefur, ásamt forstjóra, forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félagsins. Henni ber að tryggja virkt eftirlitskerfi sem meðal annars felst í því að fyrirkomulag áhættustýringar og innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og í reglulegri vöktun. Stjórnin sér um að gæta hagsmuna allra hluthafa og gæta jafnræðis milli þeirra. Stjórnin sér til þess að félagið starfi samkvæmt lögum og reglum. Þá hefur stjórnin með höndum ráðningu og uppsögn forstjóra félagsins. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu stjórnar.

Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal stjórnin árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda og frammistöðu forstjóra. Stjórnin skal jafnframt yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið og áætlanir.

Við fundi má nýta fjarfundabúnað þar sem stjórnarmenn eru dreifðir um landið.

Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd hefur verið skipuð og henni settar starfsreglur. Nefndin skal meðal annars hafa eftirlit með gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar auk þess að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings. Endurskoðunarnefndin gefur stjórn álit sitt á reikningsskilunum áður en þau eru lögð fram til samþykktar stjórnar. Þá skal endurskoðunarnefnd setja fram tillögur til stjórnar um val á ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Hún skal einnig meta óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðanda. Í nefndinni sitja Einar Sigurðsson, stjórnarformaður, Gunnar Svavarsson, ráðgjafi og Lárus Finnbogason, endurskoðandi, sem er formaður nefndarinnar.

Starfskjaranefnd

Skipuð hefur verið starfskjaranefnd. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um starfskjar stjórnarmanna og stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu, sem tekin er til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund félagsins. Skál nefndin jafnframt fylgjast með að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan ramma starfskjarastefnu félagsins og gefa stjórn skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund. Stjórn félagsins skal skipa þrjá aðila til setu í starfskjaranefnd og skulu þeir vera óháðir félaginu. Í starfskjaranefnd má hvorki forstjóri né annar starfsmaður eiga sæti. Stjórn hefur sett starfskjaranefnd starfsreglur í samræmi við efni starfskjarastefnu félagsins. Í starfskjaranefnd sitja Guðbjörg Matthíasdóttir stjórnarmaður, Steinunn Marteinsdóttir varaformaður stjórnar og Gunnar Sigvaldason stjórnarmaður, sem er formaður nefndarinnar.

Stjórn Ísfélags hf.

Einar Sigurðsson, stjórnarformaður.

Einar er fæddur árið 1977 í Reykjavík. Einar tók sæti í stjórn félagsins árið 2013. Einar hefur lokið BA prófi í stjórn málafræði frá Háskóla Ísland og MBA námi. Einar starfar fyrir Kristin ehf. og tengd félög. Einar er stjórnarformaður Korputorgs ehf. og Myllunnar-Ora ehf. Einar á engan beinan hlut í félaginu sjálfur, en á 22,12% eignarhlut í fjölskyldufyrirtækinu Fram ehf. sem er eini hluthafi ÍV fjárfestingafélags ehf., sem á um 49,18% í félaginu. Einar er jafnframt þriðjungseigandi í MKE ehf. sem á um 0,26% af hlutafé í Ísfélagi hf. Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti telst Einar háður félaginu og daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum.

Steinunn H. Marteinsdóttir, varaformaður stjórnar.

Steinunn H. Marteinsdóttir, stjórnarmaður, er fædd 1966. Hún er hárgreiðslumeistari að mennt og með diplománám í ferðamálafræði. Steinunn starfar nú hjá Premium ehf. lífeyrisþjónustu eða frá árinu 2012. Hún vann við hárgreiðslustörf frá árunum 1990 til 2002 þar sem hún átti og rak um tíma hárgreiðslustofu. Á árunum 2004 til 2012 vann hún hjá Sparisjóðnum Afí/Arion banka. Steinunn situr í stjórn Þjóðlagaseturs séra Bjarna Þorsteinssonar. Steinunn á engan hlut í félaginu en aðilar sem Steinunn tengist fjölskylduböndum eiga 93.494.071 hluti í félaginu, eða sem nemur 11,43%, í gegnum Marteín Haraldsson ehf. Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti telst Steinunn háð félaginu, daglegum stjórnendum þess sem og háð stórum hluthöfum.

Guðbjörg Matthíasdóttir, stjórnarmaður.

Guðbjörg er fædd árið 1952 í Reykjavík. Guðbjörg hefur setið í stjórn félagsins frá árinu 2001. Hún lauk prófi frá Kennaraháskólanum árið 1976. Guðbjörg situr í stjórn Fastus ehf. og ÓJ&K-Ísam ehf. Guðbjörg á beint 43.623 hluti í félaginu og á 11,29% eignarhlut í fjölskyldufyrirtækinu Fram ehf. sem er eini hluthafi ÍV fjárfestingafélags ehf., sem á um 49,18% í félaginu. Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti er Guðbjörg óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess, en telst háð stórum hluthöfum.

Gunnar Sigvaldason, stjórnarmaður.

Gunnar Sigvaldason er fæddur 1938. Hann er með verslunarpróf frá Verzlunarskóla Íslands. Hann var framkvæmdastjóri Valbergs ehf. frá árinu 1961 til 2000 og framkvæmdastjóri Sæbergs hf. frá 1974 til 1997. Gunnar var stjórnarformaður Ramma hf. frá árinu 2009 og var framkvæmdastjóri félagsins frá 1997 til 2009. Hann situr í stjórn Sölku fiskmiðlunar hf. og Atlas hf. Gunnar hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Gunnar er eigandi 51.827.700 hluta í félaginu eða sem nemur 6,34%. Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti telst Gunnar óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess sem og stórum hluthöfum.

Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

Stjórn Ísfélags hf. (framhald)

Sigríður Vala Halldórsdóttir, stjórnarmaður.

Sigríður er fædd 1983 og er framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni hjá Sjóvá. Sviðið ber ábyrgð á innheimtu, reikningshaldi, upplýsingatækni og viðskiptagreind. Sigríður Vala er með M.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá University of Minnesota og B.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands, og hefur auk þess lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Sigríður Vala var forstöðumaður hagdeildar Sjóvá árin 2016-2021 ásamt því að sitja í fjárfestinganefnd. Sigríður Vala starfaði hjá Creditinfo árin 2015-2016 sem forstöðumaður viðskiptastýringar og 2008-2015 í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka. Sigríður Vala sat í stjórn HS Veitna hf. 2014-2022 og Sýn hf. 2019-2022. Sigríður Vala situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Sigríður er eigandi 3.800 hluta í félaginu. Byggt á leiðbeiningum um stjórnarhætti telst Sigríður óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess sem og stórum hluthöfum.

Framkvæmdastjóri Ísfélags hf.

Framkvæmdastjóri er skipuð forstjóra, aðstoðarforstjóra, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar.

Stefán Friðriksson, forstjóri.

Stefán Friðriksson er fæddur 1963. Stefán er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hann hefur verið forstjóri Ísfélags hf. frá því í febrúar 2010. Áður starfaði hann hjá Vinnslustöðinni hf. frá 1997 til 2010 og hjá Fiskistofu 1992 til 1997. Stefán er eigandi Guddunefs ehf. sem á 1.080.000 hluti í félaginu eða sem svarar til 0,13% af hlutfé. Enn fremur á Stefán beinan eignarhlut 74.074 hluti í Ísfélagi hf., eða sem svarar til 0,01% af hlutfé félagsins.

Ólafur H. Marteinsson, aðstoðarforstjóri.

Ólafur H. Marteinsson er fæddur árið 1959, og var framkvæmdastjóri Ramma hf. frá árinu 1991. Ólafur hefur skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og er útgerðartæknir frá Tækniskóla Íslands. Ólafur er formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS. Ólafur er eigandi 26,11% hlutafjár í Marteini Haraldssyni ehf. sem á 93.494.071 hluti í félaginu eða sem svarar til 11,43% af hlutfé félagsins.

Unnar Már Pétursson, fjármálastjóri.

Unnar Pétursson, fjármálastjóri, er fæddur 1965. Unnar er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hann var fjármálastjóri Ramma hf. frá 1993. Unnar er eigandi alls hlutafjár í Karlsbergi ehf. sem á 6.575.074 hluti í félaginu eða sem svarar til 0,8% af hlutfé félagsins.

Örvar Guðni Arnarson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar.

Örvar Guðni Arnarson er fæddur árið 1976. Örvar er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Hann var fjármálastjóri Ísfélags hf. frá 2011 til 2023. Örvar er eigandi alls hlutafjár í L21 ehf. sem á 540.000 hluti í félaginu, eða sem svarar til 0,07% af hlutfé þess. Enn fremur á Örvar beinan eignahlut 3.703 hluti í félaginu.

Hluthafar félagsins

Ísfélag hf. er hlutfélag og upplýsingar um stærstu eigendur þess er að finna á heimasíðu félagsins, www.isfelag.is.

Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðað)

Viðskiptalíkan Ísfélags hf.

Ísfélag hf. er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og stundar veiðar og vinnslu á uppsjávarfiski, bolfiski og rækju. Félagið er einn stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Ísfélag hf. selur afurðir sínar til ýmissa sölufyrirtækja og framleiðenda. Mjöl- og lýsisafurðir eru að langmestu leyti seldar beint til fódurframleiðenda. Bolfisk- og uppsjávarafurðir eru seldar til ýmissa aðila sem vinna afurðir úr vörinni eða áframsetja hana.

Starfsemin lýtur opinberu eftirliti stofnana sem framfylgja lögum og reglum. Lögð er áhersla á að farið sé að lögum og reglum í starfsemi félagsins. Það er gert með skilvirkum verkferlum og góðu samstarfi við eftirlitsaðila. Ísfélag hf. einsetur sér að vera fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti og vinna í sátt við umhverfi og samfélag.

Skýrslugjöf vegna Flokkunarreglugerðar ESB

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að atvinnustarfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þarf hún að uppfylla viðmið um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Umhverfismarkmiðin eru sex: Mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit með mengun og vernd, og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun að loftslagsbreytingum hafa verið innleidd með framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139. Atvinnustarfsemi sem þar er tekin fram fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi en framseld reglugerð (ESB) 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið tók gildi innan ESB árið 2023 og hefur reglugerðin verið innleidd hér á landi.

Gerð er krafa um að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hæftri starfsemi, þ.e. starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfissjálfbær. Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum, skv. gr. 66 d í ársreikningalögum, nr. 3/2006, og er Ísfélag hf. þar á meðal.

Hæf starfsemi Ísfélags hf. í skilningi reglugerðarinnar

Ísfélag hf. hóf yfirferð sína á árinu 2024, þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt út frá umhverfismarkmiðunum, mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum. Kjarnastarfsemi félagsins, þ.e. vinnsla sjávarafurða og veiðar á fiski, fellur ekki undir tæknilegu matsviðmiðin eins og er. Við mat á starfseminni kom í ljós að eftirfarandi flokkar falla undir umhverfismarkmiðið mildun loftslagsbreytinga og tengjast starfsemi félagsins:

1. Uppbygging, stækkun og starfræksla skólpsöfnunar og -hreinsunarkerfa (Flokkur 5.3)
2. Afsöltun (5.13)
3. Smíði nýrra bygginga (Flokkur 7.1)
4. Endurnýjun bygginga sem fyrir eru (Flokkur 7.2)
5. Uppsetning, viðhald og viðgerðir á búnaði til orkunýtni (7.3)
6. Kaup og eignarhald á byggingum (Flokkur 7.7)

Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðað)

Umhverfislega sjálfbær starfsemi í skilningi reglugerðarinnar

Til að starfsemi teljist samræmd (e. aligned) og þar með uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfissjálfbær þarf hún að veita verulegt framlag (e. substantial contribution) til umhverfismarkmiða og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm) á hin umhverfismarkmiðin, auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef að fyrirtæki vilja með góðri samvisku gefa það út að markmiðin séu uppfyllt og standist skoðun þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað.

Lágmarksverndarráðstafanir

Eitt af grunnskilyrðum þess að starfsemi Ísfélags hf. geti talist umhverfislega sjálfbær er að félagið geri fullnægjandi lágmarksverndarráðstafanir í samræmi við 18. gr. flokkunarreglugerðarinnar (8. gr. reglugerðar ESB 2020/852). Í greininni er horft til viðmiðunarreglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki, leiðbeinandi meginreglna Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, auk átta grundvallarsamþykktanna í yfirlýsingu Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar. Vettvangur um sjálfbær fjármál hefur skilgreint kjarnaviðfangsefni samkvæmt þessum kröfum: Mannréttindi, spillingu og mútur, skattlagningu og sanngjarna samkeppni.

Félagið hefur sett sér stefnur varðandi mannréttindi, stefnu gegn mútum og spillingu og skattastefnu. Félagið hefur ekki gerst brotlegt við lög og reglur á þessu sviði.

Ísfélag hf. er meðvitað um að þrátt fyrir þessa upptalningu er þörf á frekari vinnu þegar kemur að lágmarksverndarráðstöfunum, svo sem gerð áreiðanleikakannana á mannréttindum samkvæmt skilgreiningu OECD, auk komandi krafna í Evrópulöggjöf er snúa að upplýsingagjöf á sviði mannréttinda og mun félagið halda áfram að leggja áherslu á þessa þætti á komandi misserum.

Stefna um mannréttindi

Ísfélag hf. hefur sett sér mannréttindastefnu, sem birt er á heimasíðu félagsins og er endurskoðuð árlega, nú síðast í janúar 2025, og lýsir áherslum félagsins í mannréttinda- og jafnréttismálum og virðingu fyrir fjölbreytileika. Ísfélag hf. virðir mannréttindi, líður ekki barnaprælkun né nauðungarvinnu og fer að lögum og reglum er þetta varðar í allri starfsemi sinni. Félagið tryggir öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í samfélaginu. Áhættumat starfa er framkvæmt reglulega til að tryggja heilsu, öryggi og forvarnir á vinnustaðnum.

Metnaður félagsins er fyrir því að vinnustaðurinn sé öruggur í öllum skilningi. Ísfélag hf. leitast jafnframt við að tryggja að félagið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi. Mannréttindastefnan nær til allrar starfsemi félagsins og er félagið með í gildi, því til stuðnings, meðal annars stefnu um samfélagsábyrgð, starfsmannastefnu, jafnréttisstefnu, auk siðareglanna.

Félagið hefur einnig sett sér persónuverndarstefnu sem uppfærð er árlega, nú síðast í maí 2024. Félagið leggur mikla áherslu á að gæta að persónuvernd starfsmanna sinna og að varðveisla gagna sé ávallt í samræmi við lög og reglur. Stefnan er birt á heimasíðu félagsins.

Stefna um varnir gegn mútum og spillingu

Ísfélag hf. hefur sett sér stefnu um varnir gegn mútum og spillingu sem lýsir áherslum og aðgerðum félagsins gegn mútum og spillingu. Stefnan er birt á heimasíðu félagsins. Félagið hafnar hvers kyns mútum og spillingu og skulu starfsmenn og aðrir aðilar sem koma fram fyrir hönd félagsins starfa á faglegan, sanngjarnan og heiðarlegan hátt í öllum viðskiptum og samskiptum. Til að fyrirbyggja spillingu innan virðiskeðju félagsins og tryggja góða viðskiptahætti er á það lögð áhersla að birgjar félagsins og undirverktakar aðhyllist sömu sjónarmið og Ísfélag hf. Áformað er að framkvæma áhættumiðað birgjamat á stærstu birgjum félagsins. Félagið hefur ekki gerst brotlegt við reglur eða lög á þessu sviði.

Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðað)

Skattastefna

Ísfélag hf. hefur sett sér stefnu í skattamálum. Stefnan er birt á heimasíðu félagsins. Markmið stefnunnar er að tryggja að skattaáhrættu sé stýrt og að farið sé eftir lögum og reglum varðandi skatta. Þá er skýrt að félagið leggur áherslu á gott samstarf við skattayfirvöld og gagnsæi í skattamálum. Félagið gerir grein fyrir skattspori sínu og öðru sem snýr að skattgreiðslum félagsins í upplýsingagjöf sinni.

Lykilmælikvarðar

Eftirfarandi aðferðafræði var notuð við útreikninga á lykilmælikvörðunum veltu, fjárfestingargjöldum og rekstrargjöldum fyrir hæfa starfsemi. Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um útreikning á lykilmælikvörðum í framseldri reglugerð 2021/2178. Möguleiki er á því að kröfur eða aðferðafræði muni taka breytingum eftir því sem reglugerðin verður uppfærð og getur það haft áhrif á framtíðarútreikninga, eins ef að í ljós kemur að starfsemi félagsins fellur betur að öðrum umhverfismarkmiðum en þeim sem nú þegar hafa verið birt.

Líkt og áður hefur komið fram, er kjarnastarfsemi Ísfélags hf. veiðar og vinnsla á sjávarafurðum, en sú starfsgrein hefur ekki enn verið tekin upp í tæknilegum matsviðmiðum Flokkunarreglugerðar ESB. Af þeim sökum er aðeins lítil hluti af veltu, fjárfestingargjöldum og rekstrargjöldum félagsins sem fellur undir flokkunarkerfið.

Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningsskilastaðals (IAS-staðli). Heildarvelta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildar veltu félagsins fyrir árið 2024, alls 171.095.735 USD.

Fjárfestingargjöld

Félagið hefur úthlutað fjárfestingargjöldum á hæfa starfsemi í samræmi við flokkunarreglugerðina. Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingar námu alls 41.881.562 USD á árinu 2024.

Rekstrargjöld

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þrengra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Undir rekstrargjöld skal falla beinn kostnaður, sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjunar bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfrækslu slíkra eigna. Rekstrargjöld skv. skilgreiningu þessari námu alls 14.253.582 USD á árinu 2024.

Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðað)

Lykilmælikvarðar (framhald)
Velta

Atvinnustarfsemi 1	Númer (2)	Heildarvelta (3)	Hlutfall veltu (4)
		USD	%
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)			
		0	0%
		0	0%
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)			
Starfræksla hreinsunarkerfa	5.3	0	0%
Afsóltun	5.13	0	0%
Smiði nýrra bygginga	7.1	0	0%
Endurnýjun bygginga sem fyrir eru	7.2	0	0%
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á búnaði til orkunýtni	7.3	0	0%
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	162.026	0,09%
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		162.026	0,09%
Alls (A.1 + A.2)		162.026	0,09%
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR			
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		170.933.709	99,91%
Alls (A +B)		171.095.735	100%

Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðað)

Lykilmælikvarðar (framhald)
Fjárfestingargjöld

Atvinnustarfsemi 1	Númer (2)	Fjárfestingargjöld alls (3)	Hlutfall fjárfestingagjalda (4)
		USD	%
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)			
		0	0%
		0	0%
Fjárfestingargjöld starfssemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)			
Starfræksla hreinsunarkerfa	5.3	0	0%
Afsóltun	5.13	37.450	0,09%
Smiði nýrra bygginga	7.1	4.014.089	10%
Endurnýjun bygginga sem fyrir eru	7.2	1.573.867	4%
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á búnaði til orkunýtni	7.3	122.419	0,3%
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	0	0%
Fjárfestingargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		5.747.825	14%
Alls (A.1 + A.2)		5.747.825	14%
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR			
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		36.133.737	86%
Alls (A +B)		41.881.562	100%

Ófjárhagslegar upplýsingar (óendurskoðað)

Lykilmælikvarðar (framhald)
Rekstrargjöld

Atvinnustarfsemi 1	Númer (2)	Rekstrargjöld alls (3)	Hlutfall rekstrargjalda (4)
		USD	%
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR			
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)			
		0	0%
		0	0%
Rekstrargjöld starfssemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0	0%
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)			
Starfræksla hreinsunarkerfa	5.3	0	0%
Afsóltun	5.13	6.601	0,05%
Smíði nýrra bygginga	7.1	0	0%
Endurnýjun bygginga sem fyrir eru	7.2	0	0%
Uppsetning, viðhald og viðgerðir á búnaði til orkunýtni	7.3	0	0%
Kaup og eignarhald á byggingum	7.7	2.126.292	15%
Rekstrargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		2.132.893	15%
Alls (A.1 + A.2)		2.132.893	15%
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR			
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		12.127.290	85%
Alls (A +B)		14.253.582	100%